

2016



Ársskýrsla skóla- og frístundasviðs
Reykjavíkurborgar



Efnisyfirlit

Sóknin hafin í skóla- og frístundamálum	3
Skipurit og lykiltölur	4
Skóla- og frístundaráð	5
Stefnumótandi ákvarðanir	6
Eftirlit	9
Samráð við stjórnendur	9
Dagforeldrar	10
Leikskólar	11
Grunnskólar	14
Mötuneyti	17
Frístundastarf	18
Skólahljómsveitir og tónlistarskólar	22
Skóla- og frístundastarf án aðgreiningar	23
Þverfagleg verkefni	26
Fullorðinsfræðsla	30
Starfsmenn og starfsþróun	30
Rannsóknir og kannanir	31
Ráðstefnur og málþing	32
Verðlaun og styrkir	33
Viðburðir	37
Fjármál	38
Útgefið efni	40



Ársskýrsla skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar 2016

Gefin út 2017

Ábyrgð Helgi Grímsson sviðsstjóri

Umsjón Sigrún Björnsdóttir

Tölfræði Ásgeir Björgvinsson

Hönnun og umbrot Ivan Burkni

Ljósmyndir Sigrún Björnsdóttir

ISSN 1670-6951

Helstu heimildir:

Stefna og starfsáætlun skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar 2016

Fundargerðir skóla- og frístundasráðs.

Niðurstöður ýmissa kannana

Fyrri ársskýrslur

Fréttatilkynningar

Vefur Reykjavíkurborgar, www.skolarogfristund.is

Sóknin **hafin** í skóla- og frístundamálum

Árið 2016 markaði nokkur vatnaskil í skóla- og frístundastarfi borgarinnar. Fyrri hluta árs hófst innleiðing þeirra hagræðingaraðgerða sem samþykktar voru í fjárhagsáætlun fyrra árs en þar voru seglin dregin saman um 670 milljónir króna í fjárhag sviðsins og var það liður í aðgerðum á öllum fagsviðum til að rétta af fjárhag borgarsjóðs. Þegar leið að hausti og niðurstöður sex mánaða uppgjörs lágu fyrir var ljóst að aðgerðirnar voru að skila það góðum árangri að hægt var að veita auknum fjármunum í málaflokkinn.



AUKIÐ FJÁRMAGN Í INNRA STARFIÐ

Borgarráð samþykkti í september að veita rúmlega 900 milljónum króna til skóla- og frístundasviðs sem þar með vógu upp áhrifin af hagræðingaraðgerðum ársins. Áhersla var lögð á að veita auknu fjármagn til faglegs starfs í leikskólum og grunnskólum, í sérkennslu til að bæta þjónustu við börn með sérþarfir, til kaupa á námsgögnum í leikskólum, til afleysinga til að mæta langtímaveikindum, auk þess sem framlög til hráefniskaup í skólamötuneytum voru hækkuð til að auka gæði skólamáltíða.

Í lok ársins samþykkti borgarstjórn að fylgja aðgerðum haustsins eftir með því að verja um tveimur milljörðum króna til viðbótar í skóla- og frístundastarf borgarinnar á árinu 2017. Þar var fagstarfið áfram í forgrunni en auk þeirra þátta sem fyrr voru nefndir var auknu fjármagn varið í námsráðgjöf í grunnskólum, íslenskukennslu fyrir börn með annað móðurmál en íslensku, kennsluráðgjöf til að efla málþroska og læsi, list-, verk- og tækninám, túlkþjónustu, móðurmálskennslu, ungmennalýðræði, útinám og útikennslu og margt fleira.

YNGRI BÖRN Á LEIKSKÓLA

Það er stefna borgaryfirvalda að bæta þjónustu við fjölskyldur með ung börn og forgangsverkefni að fjölga leikskólaplássum fyrir börn á öðru aldursári sem lið í þeirri áætlun að brúa bilið milli fæðingarorlofs og leikskóla. Inntaka 18 mánaða barna hófst í september og var tryggt fjármagn til að bjóða börnum sem fædd voru á fyrsta ársfjórðungi 2015 leikskólapláss ef laus pláss voru á viðkomandi leikskólum og starfsmannastaðan leyfði. Unnið var að áætlun um hvernig megi brúa bilið í áföngum með fjölgun plássna í borgarreknun leikskólum og auknu samstarfi við sjálfstætt rekna leikskóla. Þá var

sett af stað vinna við að efla dagforeldrakerfið og auka gæði og öryggi þeirrar þjónustu í samvinnu við félög dagforeldra.

BÆTT VINNUMHVERFI Í FORGANGI

Mikil umræða var á haustmánuðum um að bæta starfsskilyrði og aðbúnað í leikskólum og grunnskólum og blandaðist þar inn að mikil þörf er fyrir nýliðun í kennarastörf. Skóla- og frístundaráð svaraði kallinu með því að setja á fót starfshópa til að auka nýliðun, draga úr brotthvarfi og bæta vinnuumhverfi kennara. Í lok ársins náðust kjarasamningar við Félag grunnskólakennara um launahækkanir og í kjölfarið við Félag leikskólakennara. Starfshóparnir eiga að skila tillögum að aðgerðum eigi síðar en við upphaf skólaárs 2017.


MÓTUN MENNTASTEFNU

Á undanförunum tveimur árum hefur í samræmi við áherslur í samstarfssáttmála meirihlutans verið forgangsraðað í samræmi við fjóra umbótaþætti sem fela í sér að efla læsi og málörvun, auka vægi list-, verk- og tæknináms, styðja við lýðræði og mannréttindi í skóla- og frístundastarfi og hlúa að virkri fjölmenningu með áherslu á þjónustu við börn af erlendum uppruna. Í lok árs 2016 var lagt upp í viðamikla stefnumótun í menntamálum borgarinnar fram til ársins 2030. Þar viljum við virkja krafta allra sem bera uppi skóla- og frístundastarf í borginni, kennara og annað fagfólk, stjórnendur, börn og ungmenni, foreldra, fræðasamfélagi og innlenda og erlenda ráðgjafa. Finnski menntunarfræðingurinn Pasi Sahlberg mun leiða teymi ráðgjafa sem koma mun að stefnumótuninni en markmiðið er að skapa breiða samstöðu um megináherslur í menntamálum borgarinnar til framtíðar.

Við eigum frábært fagfólk sem helgar líf sitt skóla- og frístundastarfi í borginni og við viljum búa vel að því svo það geti notið sín í starfi. Mikilvægasta verkefni okkar allra er að ná því besta fram í börnum og ungmönnum borgarinnar svo þau geti fengið þá menntun og reynslu af skóla- og frístundastarfi sem mun nýtast þeim til góðs í lífinu.

Skúli Þór Helgason, formaður skóla- og frístundaráðs Reykjavíkurborgar

Skipurit og lykiltölur



LYKILTÖLUR

- ➔ 64 leikskólar, þar af tvær sameinaðar stofnanir leikskóla, grunnskóla og frístundaheimilis, með alls 5.631 barn. Auk þess voru 958 börn í 17 sjálfstætt starfandi leikskólum. Um 620 börn dvöldu að jafnaði hjá tæplega 150 dagforeldrum.
- ➔ 36 grunnskólar, þar af tvær sameinaðar stofnanir leikskóla, grunnskóla og frístundaheimilis, með 14.141 nemanda, auk 7 sjálfstætt starfandi grunnskóla með 695 nemendum.
- ➔ 39 frístundaheimili, þar af tvær sameinaðar stofnanir leikskóla, grunnskóla og frístundaheimilis og þrjár sameinaðar stofnanir grunnskóla og frístundaheimila, með 4.415 börn.
- ➔ 4 sértækar félagsmiðstöðvar með 115 börn.
- ➔ 21 félagsmiðstöð með um 115.000 heimsóknir 10-16 ára barna.
- ➔ 4 skólahljómsveitir þar sem 464 nemendur lærðu á hljóðfæri.
- ➔ Námsflokkar Reykjavíkur þar sem um 120 manns stunduðu nám og um 600 fengu náms- og starfsráðgjöf.
- ➔ Skóla- og frístundasvið greiddi með um 2.470 nemendum í tónlistarskólum í borginni.
- ➔ Hjá sviðinu störfuðu um 5.200 starfsmenn í tæplega 4000 stöðugildum. Þar af voru 1.732 stöðugildi leik- og grunnskólakennara.

Skóla- og frístundaráð

Skóla- og frístundaráð fundaði 18 sinnum á árinu 2016. Ráðið mótaði stefnu í menntamálum barna í leik- og grunnskólum og fyrir frístundastarf barna og ungmenna. Einnig útfærði það stefnu um tónlistarfræðslu barna og ungmenna og félagslega menntastefnu fyrir fullorðna. Ráðið tók ákvarðanir og setti fram tillögur til borgarráðs á sínu verksviði. Jafnframt hafði það eftirlit með því að samþykktum og stefnumörkun borgarinnar í skóla- og frístundamálum væri fylgt og fylgdist með gæðum í starfi dagforeldra, skólanna og frístundamiðstöðva. Skrifstofa skóla- og frístundasviðs sá um stjórnsýslu fyrir ráðið og hélt utan um starfsemi þess. Ráðið starfaði á árinu 2016 undir forystu Skúla Þórs Helgasonar. Í því sátu 7 kjörnir fulltrúar.

FULLTRÚAR Í SKÓLA- OG FRÍSTUNÐARÁÐI 2016

Skúli Þór Helgason formaður (*Samfylkingin*)

Líf Magneudóttir/Hermann Valsson frá og með 7. október (*Vinstri græn*)

Sabine Leskopf (*Samfylkingin*)

Eva Einarsdóttir varaformaður (*Björt framtíð*)

Kjartan Magnússon (*Sjálfstæðisflokkurinn*)

Marta Guðjónsdóttir (*Sjálfstæðisflokkurinn*)

Jóna Björg Sætran (*Framsókn og flugvallarvinir*)

Katla Hólm Þórhildardóttir (*Áheyrnarfulltrúi Pírata*)

Samtök foreldra leikskólabarna og SAMFOK áttu áheyrnarfulltrúa í ráðinu, svo og fulltrúar skólustjórnenda og starfsfólks í leikskólum og grunnskólum og framkvæmastjóra frístundamiðstöðva. Einnig átti Reykjavíkurráð ungmenna áheyrnarfulltrúa. Sviðsstjóri, fjármálastjóri, mannauðsstjóri og fagstýrur sviðsins sátu fundi ráðsins auk ritara. Þar fyrir utan tóku sæti á fundum þegar þörf krafði sérfræðingar skóla- og frístundasviðs og annarra fagsviða, svo og utanaðkomandi aðilar.



Fulltrúar í skóla- og frístundaráði fögnuðu 100. fundi ráðsins á árinu. Á myndina vantar Jónu Björg Sætran.

Stefnumótandi ákvarðanir

BETRI SUMARÞJÓNUSTA Í KLETTASKÓLA

Ákveðið var snemma árs að bjóða upp á heildstæða sumarþjónustu fyrir nemendur í Klettaskóla. Foreldrar fengu þar með val um tveggja vikna sumarfrí í stað þess að vera bundnir af jafn langri lokun. Með þessari viðbótarþjónustu á að tryggja meiri stöðugleika í þjónustu við börn og unglinga sem þurfa mikla umönnun og þola illa rask. Kostnaður vegna þessa var áætlaður 3,7 milljónir króna.

FRÍSTUNDASTARF VIÐ LANGHOLTSSKÓLA

Í febrúar fól ráðið sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs að hefja viðræður við skrifstofu eigna- og atvinnuþróunar um að leita að varanlegu húsnæði fyrir frístundaheimilið Gladhheima og félagsmiðstöðina Þróttheima sem starfar í tengslum við Langholtsskóla.

SKÓLASELIÐ Í KEILUFELLI

Ráðið fól í febrúar sviðsstjóra að skoða framtíðarskipan í starfsemi skólaselsins í Keilufelli og eiga viðræður við velferðarsvið um hana. Í selinu hefur verið boðið upp á lausnamiðaða nemendavernd fyrir nemendur í Árbæ, Breiðholti, Grafarholti, Úlfarsárdal og Norðlingaholti. Í bókun meirihlutans sagði m.a. „Úrræðið hefur nýst vel til að bregðast við m.a. hegðunar- og samskiptavanda, ástundunarvanda og alvarlegum brotum nemenda og er eftirtektarvert að 27 af 32 nemendum sem sóttu skólaseilið á síðasta ári gátu farið aftur í sinn heimaskóla að lokinni dvöl. Mikilvægt

er að skoða framtíðarskipan skólaselsins og leita leiða til að efla starfsemina svo bjóða megi þeim börnum sem nú bíða eftir slíkri þjónustu þetta úrræði.“

NÝJAR REGLUR UM AUGLÝSINGAR OG GJAFIR

Í mars voru að tillögu starfshóps samþykktar nýjar reglur um kynningar, auglýsingar og gjafir í skóla- og frístundastarfi og tóku þær gildi um miðjan apríl. Í þeim er greitt fyrir kynningu á æskulýðs-, íþrótt- og tómsundastarfi fyrir börn og unglinga sem hluta af námi þeirra. Slíkar kynningar verða heimilar á starfstíma skóla- og frístundamiðstöðva og skal fyrirkomulag þeirra ákveðið í samstarfi stjórnenda, foreldra og nemenda við hverfisráð, íþróttafélög og félagasamtök í hverju hverfi. Upplýsingum um tímasetningar og kostnað vegna slíkra tilboða skal beina til foreldra en ekki barna og ungmenna. Einnig eru aðgreindar reglur um gjafir til starfsstaða annars vegar og gjafir til barna til einkaeignar hins vegar og kveðið er sérstaklega á um rafræna miðlun og útsendingar í gegnum Mentor.

KAMPUR OG FROSTASKJÓL UNDIR EINA YFIRSTJÓRN

Ráðið samþykkti í mars að sameina frístundamiðstöðvarnar Kamp og Frostaskjól undir eina yfirstjórn frá og með 1. júlí. Meginröksemdin var hagræðing með færri stjórnunarstöðum, en jafnframt að stuðla að samlegð í rekstri og þjónustu starfsstöðva. Engin breyting var gerð á sérhæfingu



frístundamiðstöðvanna sem náði til sjö frístundaheimila og fimm félagsmiðstöðva í Miðborg, Hlíðum og Vesturbæ. Sameinuð frístundamiðstöð, sem fékk heitið *Tjörnin*, starfar í Frostaskjólí 2.

SKÓLASAFNAMIDSTÖÐ LÖGD NIÐUR

Ákveðið var í mars að leggja niður Skólasafnamiðstöð frá og með 1. júlí. Með því var leitast við að styrkja samstarfið við Borgarbókasafnið og færa hluta af verkefnum miðstöðvarinnar til skólasafna grunnskólanna. Ákvörðunin fól í sér að þrjú störf voru lögð niður, þar af tvö störf bókasafnsfræðinga.

BREYTINGAR Á REGLUM UM STUÐNINGSTÍMA

Í maí samþykkti ráðið breytingar á reglum um úthlutun fjármagns vegna stuðnings í leikskólum. Reglurnar tóku gildi 1. júní 2016.

EINELTI OG RAFRÆN SAMSKIPTI

Í maí beindi ráðið því til borgarráðs að óháður aðili yrði fenginn til að yfirfara verkferla starfsstöðva sviðsins vegna eineltis og samskiptavanda og leggja fram tillögur til úrbóta með hliðsjón af auknum rafrænum samskiptum barna.

TILLÖGUR REYKJAVÍKURRÁÐS UNGMENNA

Í maí fjallaði ráðið um nokkrar tillögur frá Reykjavíkurráði ungmenna, m.a. um betri kynþroskafræðslu og að dömubindi, túrtappar og smokkar verði aðgengilegri fyrir ungmenni í grunnskólunum. Var sviðsstjóra falið að skipa starfshóp um heildstæða stefnumótun um kynfræðslu fyrir börn og ungmenni í skóla- og frístundastarfi. Tillögu um afþreyingarmiðstöð við Rauðavatn var vísað til umfjöllunar í starfshópi.

BREYTINGAR Á SKÓLASTARFI Á KJALARNESI

Ráðið samþykkti á fundi sínum í júníbyrjun að stofna nýjan samrekin leik- og grunnskóla á Kjalarnesi með samþættu frístundastarfi og tónlistarnámi. Með því er stefnt að því að þjóna betur börnum, ungmennum og foreldrum frá upphafi leikskólagöngu til loka grunnskólaaldurs. Samþykktin kom til að undangengnu samræði við skólaráð, foreldrafélög og hverfisráð. Í greinargerð með tillögu starfshóps sagði m.a. að sameining veitti tækifæri til aukins faglegs ávinnings í skólastarfinu með aukinni samfellu í stefnumótun, heildstæðu skipulagi skólastarfs og meira flæði milli skólastiga. Jafnframt var bent á rekstrarhagkvæmni í nýtingu húsnæðis, innkaupum, starfsmannakostnaði, símenntun og starfsþróun.

BREYTING Á OPNUNARTÍMA FRÍSTUNDAHEIMILA

Í júní samþykkti ráðið breyttan opnunartíma frístundaheimila til samræmis við leikskóla þannig að boðið verði upp á frístundastarf eftir að hefðbundnum skóladegi lýkur til kl. 17:00 í stað 17:15. Breytingin tók gildi í upphafi skólaársins í ágúst.

KAUP Á STÖKUM SKÓLAMÁLTÍÐUM

Að tillögu ráðsins samþykkti borgarráð í júní að heimila grunnskólum að selja stakar máltíðir í gegnum áskriftarkerfi skólamötuneytanna á hátíðis- og tyllidögum og þegar máltíð er hluti af skóladagskrá. Ekki verður systkinaafsláttur af stakri skólamáltíð.

MÝRI OG HAGABORG UNDIR EINA STJÓRN

Ráðið ákvað í júnílok að sameina tvo leikskóla í Vesturbæ undir eina yfirstjórn; leikskólann Mýri í Litla Skerjafirði og Hagaborg. Að undangengnu samræði við foreldra og starfsfólk kom sameiningin til framkvæmda 1. nóvember. Þá ákvað ráðið í nóvember að hætta rekstri Mýrar frá og með 15. júlí 2017. Faglegar og rekstrarlegar forsendur þóttu ekki nægilega sterkar fyrir áframhaldandi rekstri þar sem börnin voru einungis 27 og húsið þótti nýttast illa. Ákveðið var jafnframt að foreldrar fengju forgang fyrir börn sín í aðra leikskóla og að starfsmenn fengju aðstoð við að finna sambærileg störf. Samráðshópi skipuðum stjórnendum á Mýri, foreldrum og fulltrúum skrifstofu skóla- og frístundasviðs var falið að skipuleggja flutning barna og lokun skólans.

NEMENDUR MED Í MÓTTÖKUTEYMI

Í ágúst samþykkti ráðið tillögu frá ungmennaráði Breiðholts um að nemendur verði hluti af stuðningsneti fyrir börn og unglínga af erlendum uppruna þegar þeir hefja nám í grunnskólum borgarinnar. Stefnt er að því að verkefnið verði í framtíðinni hluti af móttökuáætlun allra grunnskóla og að unnin verði handbók með verklagi við móttöku nýrra nemenda af erlendum uppruna sem innleitt verði í skóla- og frístundastarfið.

SAMEINING HAMRA OG BAKKA

Ráðið samþykkti í ágúst, að undangengnu umsagnarferli hjá foreldraráðum og foreldrafélögum, að sameina tvo leikskóla í Víkur- og Staðahverfi, leikskólana Bakka og Hamra. Með því urðu til tvær heildstæðar skólastofnanir í hverfinu, einn sameinaður leikskóli og einn sameinaður grunnskóli. Sameinaður leikskóli tók til starfa í byrjun árs 2017. Börnum hafði fækkað til muna í leikskólanum Bakka og taldist

hann því ekki lengur hagkvæm rekstrareining. Bakki var áður rekinn með leikskólanum Bergi á Kjalarnesi undir heitinu Bakkaberg. Leikskólinn Berg var á vormánuðum 2016 sameinaður Klébergsskóla og tónlistarskólanum á Kjalarnesi.



Arthur Morthens vann um áratuga skeið sem sérfræðingur á sviði sérkennslu í grunnskólum Reykjavíkur.

MINNINGARVERÐLAUN ARTHURS MORTHENS

Í ágúst var ákveðið að stofna til minningarverðlauna í nafni Arthurs Morthens sem lést í sumarlok. Hann vann um áratuga skeið sem sérfræðingur á sviði sérkennslu í grunnskólum Reykjavíkur og var brautryðjandi við að innleiða stefnu um skóla án aðgreiningar. Minningarverðlaunin verða veitt einum skóla árlega, næstu fimm árin, sem viðurkenning fyrir störf í anda stefnunnar um skóla án aðgreiningar.

AÐGERÐARÁÆTLUN Í LEIK- OG GRUNNSKÓLUM

Í ágúst var samþykkt aðgerðaráætlun í leik- og grunnskólum sem fólst í að auka framlög til sérkennslu, efniskostnaðar og faglegs starfs. Þá var ákveðið að hækka fæðisgjöld til að auka gæði máltíða og taka inn í leikskólana 18 mánaða börn um áramótin, þ.e. börn sem fædd voru í mars og apríl 2015.

FRAMTÍÐARSÝN FYRIR GUFUNESBÆ

Í september var sviðsstjóra falið að vinna forgangs- og innleiðingaráætlun um tillögur í skýrslunni *Útilíf, afþreying og menning í Gufunesbæ* sem starfshópur skilaði. Tillögurnar fólu m.a. í sér uppbyggingu á frístundagardi fyrir alla borgarbúa og að Gufunesbær yrði þekkingarmiðstöð fyrir útínám, útivist og sjálfbærni.

BÖRN MEÐ ANNAÐ MÓÐURMÁL EN ÍSLENSKU Á FRÍSTUNDAHEIMILI ENDURGJALDSLAUST

Ráðið samþykkti í október að börn með annað móðurmál en íslensku sem hefja skólagöngu í grunnskólum borgarinnar skuli tímabundið njóta undanþágu frá greiðslu fyrir dvöl á frístundaheimili. Samþykktin náði til 6-9 ára barna í 1.- 4. bekk og byggði á tillögum starfshóps. Hann lagði til að efla bæri frístundastarf barna sem væru að hefja skólagöngu hér á landi og hefðu ekki full tók á íslensku. Þannig gæfist tækifæri til að vinna með félagslega tungumálið og efla þátttöku tví- og margtyngdra barna í íslenskri barnamenningu. Þetta tilraunaverkefni er til 7 mánaða og hófst 1. nóvember. Að því loknu verður verkefnið metið með tilliti til þess hvort börnin hafi haldið áfram í frístundastarfinu að þremur gjaldfrjálsum mánuðum liðnum og hvort dvöl þeirra á frístundaheimili hafi haft góð áhrif á færni þeirra í íslensku og á félagslega stöðu þeirra.

SAMSTARF UM AÐ STYRKJA STÖÐU KENNARA

Í október ákvað ráðið að efna til samstarfs við fagfélög kennara, háskóla og mennta- og menningarmálaráðuneyti um leiðir til að styrkja faglega stöðu leikskóla- og grunnskólakennara með það fyrir augum að gera kennarastarfið eftirsóknarverðara. Áhersla verður á aðgerðir til að auka nýliðun, bæta starfsumhverfi kennara og efla kennaramenntun, s.s. með vettvangsnámi. Tveir starfshópar með fulltrúum stéttarféлага, háskóla, ráðuneytis og sviðsins voru skipaðir til að vinna að þessu verkefni.

AUKIÐ LÝÐRÆÐI Í SKÓLA- OG FRÍSTUNDASTARFI

Í nóvember samþykkti ráðið að gera kostnaðargreinda forgangs- og innleiðingaráætlun á tillögum sem settar voru fram í skýrslu starfshóps um aukið lýðræði barna og ungmenna í skóla- og frístundastarfi. Tillögurnar miða að því að valdefla börn og ungmenni, innleiða með markvissum hætti Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, standa fyrir lýðræðisfræðslu og efna til reglulegra ungmennaþinga í hverfum borgarinnar.

BREYTINGAR Á SKÓLAHVERFAMÖRKUM

Í desember fól ráðið sviðsstjóra að leita umsagnar annars vegar hverfisráðs Vesturbæjar og skólaráða Grandaskóla og Melaskóla og hins vegar hverfisráðs Laugardals og skólaráða Langholtsskóla og Vogaskóla um tillögur og hugmyndir starfshóps um endurskoðun reglna um skólahverfi og innritun í grunnskóla Reykjavíkurborgar. Í kjölfarið var mörkum skólahverfa þessara skóla breytt.

Eftirlit

Skóla- og frístundaráð fylgdist með framkvæmd í uppeldisstarfi, námi og kennslu í Reykjavík og gerði tillögur um umbætur, hvort heldur m.t.t. reksturs eða faglegs starfs. Fjallað var um niðurstöður rannsókna og kannana, mat á gæðum fagstarfsins, starfsáætl-anir sviðsins og starfsstaða og fleira. Þá fékk ráðið greiningu á PISA-niðurstöðum í reykvískum skólum og kynningu m.t.t. þess að bregðast við á markvissan hátt. Ráðið fékk einnig kynningu á sértækum verkefnum, s.s. innleiðingu á fjölmenningsstefnu, lýðræðisstarfi og útinámi og fékk á sinn fund sérfræðinga á ýmsum sviðum mennta- og frístundamála. Þá fylgdist ráðið grannt með framvindu kjarasamninga við kennara sem voru í uppnámi á haustmánuðum, með fjármálum sviðsins, innleiðingu nýs námsmats í grunnskólum og samþykktum stefnumiðum.

Samráð við stjórnendur

Í byrjun ársins var haldinn fundur um starfsáætlun sviðsins með samráðshópum stjórnenda í leikskólum, grunnskólum og frístundastarfi. Ýmsar ábendingar komu fram á þeim fundi um áherslur og forgangsröðun verkefna í fagstarfinu.

Starfsáætlun var gefin út um miðjan mars og kvað á um á fjóra meginumbótætti og aðra áherslupætti:

- Málþorska, læsi og lesskilning
- Verk-, tækni- og listnám
- Lýðræði, jafnrétti og mannréttindi
- Fjölmenningu

Starfsáætlun miðar að því að innleiða helstu áherslupætti skóla- og frístundaráðs hverju sinni og veita starfsstöðum leiðbeinandi viðmið við gerð sinna starfsáætlana.

Mánaðarlega komu stjórnendur undirstofnana saman til fundar með fagstjórnendum á skrifstofu sviðsins og ræddu fagstarfið, starfsmannamál, stefnumarkandi ákvarðanir og framkvæmd þeirra, svo og málefni líðandi stundar. Einnig kom samráð leikskólastjóra, skólustjóra og 24 manna samráðshópur frístundamála saman sex sinnum á árinu. Í fag-

legu samráði sátu fulltrúar stjórnenda, faglegur stjórnandi á skrifstofu og fulltrúi mannauðsdeildar. Markmið þessara samráða er að vera faglegur vettvangur fyrir umræður og upplýsingamiðlun svo og að fá viðbrögð stjórnenda á hin ýmsu mál sem koma upp frá degi til dags og krefjast sameiginlegrar úrlausnar sviðsins. Fagstjórnendur á skrifstofu sviðsins sátu einnig samráðsfundi skólustjórnenda í hverfum þegar þurfa þótti.

SAMRÁÐ LEIKSKÓLASTJÓRA

Guðrún Sólveig Vignisdóttir, leikskólustjóri í Rauðhól, fyrir Árbæ og Grafarholt.

Ólafía Björk Davíðsdóttir, leikskólustjóri í Stakkaborg, fyrir Miðborg og Hlíðar.

Soffía Þorsteinsdóttir, leikskólustjóri í Sæborg, fyrir Vesturbæ.

Friðbjörg Eyrún Sigvaldadóttir, leikskólustjóri í Hálsaskógi, fyrir Breiðholt.

Bergljót Jóhannsdóttir, leikskólustjóri í Jörfa, fyrir Laugardal og Háaleiti.

Valborg Guðlaugsdóttir, leikskólustjóri í Engjaborg, fyrir Grafarvog.

SAMRÁÐ SKÓLASTJÓRA

Anna Bergsdóttir, skólustjóri Hamraskóla.

Björk Jónsdóttir, skólustjóri Brúarskóla.

Guðlaug Erla Gunnarsdóttir, skólustjóri í Ingunnarskóla og formaður Félags skólustjórnenda.

Jónína Ágústsdóttir, skólustjóri Breiðholtsskóla.

Sigfús Grétarsson, skólustjóri Selásskóla.

Þorkell Daníel Jónsson, skólustjóri Breiðagerðisskóla.

Örn Halldórsson, skólustjóri Grandaskóla.

SAMRÁÐSHÓPUR FRÍSTUNDAMIÐSTÖÐVA

Guðrún Kaldal, framkvæmdastjóri Tjarnarinnar.

Haraldur Sigurðsson, framkvæmdastjóri Kringlumýrar.

Helgi Eiríksson, framkvæmdastjóri Miðbergs.

Jóhannes Guðlaugsson, framkvæmdastjóri Ársels.

Atli Steinn Árnason, framkvæmdastjóri Gufunesbæjar.

Dagforeldrar

Þann 1. desember 2016 voru dagforeldrar í Reykjavík 145 talsins og hafði þeim fækkað töluvert á milli ára. Veitt var niðurgreiðsla vegna 618 reykvískra barna og voru flest þeirra fædd á árinu 2015.

NÁMSKEIÐSDAGUR OG RÉTTINDANÁMSKEIÐ


Árlegur námskeiðsdagur var haldinn í mars og var hann liður í starfsþróun og símenntun dagforeldra. Erindi voru fjölbreytt. Hildur Björk Svavarsdóttir, deildarstjóri tölfræði og rannsóknþjónustu, kynnti vinnu um mat á gæðum í starfi dagforeldra, *Umhyggja*, *snerting* og *jóga* var umfjöllunarefni Sigurlaugar Einarsdóttur og Aðalheiðar Stefánsdóttur, stjórnenda í leikskólanum Reynisholti. Kolbrún Karlsdóttir sálfræðingur fjallaði um aðskilnaðarkvíða og aðlögun ungra barna. *Sigráðu sjálfa/n þig* nefndist svo fyrirlestur Matta Ósvald Stefánssonar, heilsuráðgjafa og markþjálfara.

Ekkert réttindanámskeið fyrir dagforeldra var haldið á árinu vegna lítillar eftirspurnar.

ÁNÆGJA MEÐ ÞJÓNUSTU DAGFORELDRA

Yfirgnæfandi meirihluti foreldra barna hjá dagforeldrum í Reykjavík er ánægður með þjónustu þeirra, eða 88%. Þetta kom fram í könnun sem gerð var á árinu. Til samanburðar voru 93% foreldra ánægðir með þjónustu dagforeldra á árinu 2014. Almenn ánægja var með flesta þætti í þjónustu dagforeldra, s.s. aðstöðu inni og úti, fæði, dagskipulag og vistunartíma. Foreldrar voru óánægðastir með kostnað við daggæsluna, nær 40% prósent þeirra töldu hann of mikinn. Þá jókst óánægja foreldra með fyrirkomulag á veikinda- og frídögum dagforeldra á milli kannana. Þorri foreldra taldi það jákvætt að dagforeldrar ynnu tveir eða fleiri saman við daggæslu.

Fjöldi dagforeldra og barna 1997-2016



Leikskólar

Þann 1. október 2016 dvaldi 5.631 barn í 64 leikskólum borgarinnar og 978 börn í 17 sjálfstætt starfandi leikskólum. Leikskólabörnin í borginni voru alls 6.609.

STARFSÁÆTLUN

Í stefnu og starfsáætlun sviðsins var lögð áhersla á fjóra umbótaþætti og átta áhersluþætti sem unnið var að á árinu;

- Málþroska, læsi og lesskilning
- Verk-, tækni- og listgreinar
- Lýðræði, jafnrétti, mannréttindi
- Fjölmenningu

Haldið var áfram að þróa ramma fyrir starfsáætlanir leikskóla hjá fagskrifstofu leikskólamála og kallað var eftir upplýsingum um áherslur hvers skóla í vinnu þeirra við umbótaþættina í starfsáætlunum fyrir skólaárið 2016-2017. Fagskrifstofan setti í kjölfarið upp tilboð til leikskóla um fræðslu á starfsmannafundum eða skipulagsdögum. Í því tilboði var m.a. fræðsla um læsisstefnu leikskóla, **Lesið í leik**, og um málþroska og læsi útinámi, námskeið um skapandi starf og notkun upplýsingatækni í leikskólum, námskeið um skráningar í leikskólum, fjölmenningu, útinám og könnunarleik barna. Þá stóð Jafnréttisskóli SFS fyrir fræðslu, ráðgjöf og námskeiðum fyrir starfsfólk leikskóla.

Starfsemi **Miðju máls og læsis** (MML) hófst í ágúst en þar starfa fjórir ráðgjafar, þar af tveir fyrir leikskóla, Ingibjörg E. Jónsdóttir leikskólakennari og Þóra Sæunn Úlfadóttir talmeinafræðingur. Á haustmánuðum heimsóttu ráðgjafarnir flesta leikskóla borgarinnar og sendu til þeirra spurningar um óskir og þarfir fyrir ráðgjöf og fræðslu. Þá bauðst leikskólum fræðsla um fjölmenningu og þar þar hæst námskeiðið **Heimurinn er hér** sem haldið var í samstarfi við Menntavísindasvið HÍ, og námskeið hjá kanadíska fræðikonunni Roma Chumak Horbatch um **LAP** (linguistically appropriate practices) fyrir fjölbýgð leikskólabörn. Síðara námskeiðið sóttu um 90 leikskólakennarar og starfsmenn leikskóla.

16 leikskólakennarar frá fjórum leikskólum tóku þátt í ERASMUS+ verkefninu **Fjölmenningarleg menntun og þjálfun í leikskólum** en hluti þess fólst í ferð til Dortmund í Þýskalandi með námskeiði og heimsóknunum til fjölmenningarlegra stofnana. Fjölmenningu var yfirskrift Barnamenn-

ingarhátíðar og af því tilefni tóku hátt í þrjú hundruð börn af átta leikskólum þátt í verkefninu **Velkomin í leikskólann minn** sem lauk með sýningu í Borgarbókasafni Reykjavíkur í Grófinni.

Yfir þrjátíu leikskólakennarar frá 13 leikskólum í Reykjavík tóku þátt í útikennsluverkefninu **PRISMA** í samstarfi við 13 leikskóla í fimm Evrópulöndum en það verkefni var einnig styrkt af ERASMUS+ sjóðnum.

FÁLIÐUN OG SKERÐING Á ÞJÓNUSTU

Fáliðun og skortur á leikskólakennurum varð áþreifarlegur vandi í rekstri nokkurra leikskóla allt frá lokum sumarleyfis og fram til áramóta. Þetta hafði í för með sér að skerða þurfti þjónustu og loka deildum í nokkrum skólum. Þá tafði faliðun fyrir innritun barna í nokkra leikskóla. Farið var af stað í auglýsingaáttak viðs vegar um borgina og á samfélagsmiðlum. Í lok ársins var sett niður áætlun um það hvort og hvernig hægt væri hægt að nýta rafrænu atvinnumiðlunina **Alfred** (www.alfred.is) til að auglýsa laus störf í leikskólum.

BREYTINGAR Í YFIRSTJÓRN

Hildur Skarphéðinsdóttir lét af störfum í sumarlok sem skrifstofustjóri fagskrifstofu leikskólamála, en hún hafði gegnt því starfi frá stofnun skóla- og frístundasviðs 2011. Þar áður hafði Hildur starfað sem leikskólaráðgjafi hjá leikskólum Reykjavíkur fram til ársins 2005 þegar Menntasvið Reykjavíkur var stofnað og Hildur tók við starfi skrifstofustjóra leikskólahluta þess. Ingibjörg M. Gunnlaugsdóttir staðgengill Hildar tók við starfi hennar tímabundið í ágúst og var í lok ársins ráðin í það að loknu umsóknarferli.

INNRIÐUN VIÐ 18 MÁNAÐA ALDUR

Á árinu urðu þau tímamót að öllum börnum 18 mánaða og eldri bauðst leikskólavist frá og með haustinu. Svigrúm myndaðist til að taka inn fleiri börn í leikskólana vegna barnafækkunar á milli ára og voru því um 200 börn, yngri en tveggja ára, innrituð. Töluvert var bætt við húsnæði leikskólanna þegar stóru fæðingarárgangarnir frá 2009 og 2010 náðu leikskólaaldri. Því varð til aukarými í leikskólunum sem hægt var að nýta og bæta þar með þjónustu við barnafjölskyldur með ung börn, líkt og meirihlutinn í borgarstjórn stefndi að.

MAT Á GÆÐUM LEIKSKÓLASTARFS

Sjö leikskólar fóru í ytra mat á árinu; Ösp, Jöklaborg, Hulduheimar, Hagaborg, ungbarnaleikskólinn Sólgarður, Sæluok og Álftaborg. Mat á gæðum leikskólastarfs var því nokkuð yfirgripsmikið og gaf það stjórnendum og starfsfólki góða yfirsýn yfir gæðastarf hvers skóla.

PRÓUNARVERKEFNI OG ÖNNUR NÝBREYTNÍ

Á árinu 2016 lá fyrir lokaskýrsla í próunarverkefninu *Skína smástjörnur* sem staðið hafði yfir frá árinu 2012 í leikskólunum Björtuhlíð, Hálsaskógi, Langholti og Laugasól en inntak verkefnisins var að þróa gæðastarf í leikskólum, á yngri barna deildum, í gegnum náms- umhverfi, starfsaðferðir og foreldrasamstarf.

Tveimur samstarfsverkefnum leik- og grunnskóla lauk með skýrslugerð á árinu. Annars vegar var það verkefnið *Læsi í leiðinni* sem unnið var í Grandaskóla, Gullborg og Ægisborg en markmið þess var að börnin upplifðu það sem eðlilega framvindu í námi að færast á milli skólastiga og að þar sé fleira líkt en ólíkt. Unnið var með leik og læsi sem grunnhugtök í aðlögun barnanna á milli skólastiganna. Hins vegar var það verkefnið *Fuglarnir í Fossvogi* sem í ferlinu fékk nafnið *Fossvogsbrú* en það var samstarfsverkefni Kvistaborgar, Furuskógar, Fossvogsskóla og Neðstalands. Markmið þess var að efla samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundastarfs í Fossvogi með útgangspunkti í útinámi og læsi fimm og sex ára barna, þar með talið læsi á náttúru og nánasta umhverfi.

NÁMSKEIÐSDAGUR LEIKSKÓLASTJÓRA

Námskeiðsdagur leikskólastjóra var haldinn 28. október og að þessu sinni í nágrennasveitarfélaginu Garðabæ. Dagurinn hófst með morgunverði og móttöku í boði bæjarstjóra og leikskóladeildar Garðabæjar og síðan var farið í heim-sóknir í átta leikskóla bæjarins. Eftir hádegisverð í Garðaholti flutti Margrét Leifsdóttir, arkitekt og markþjálfari, fyrirlesturinn *Að græja gleðina og góða heilsu* og frú Eliza Reid, forsetafrú sagði frá hlutverki sínu og því hvernig væri að ala upp tvítyngd leikskólabörn. Í lok dagsins var boðið upp á heimsókn í minjasafnið Krók, veitingar, tónlist og samveru.

NÁMS- OG KYNNISFERÐ LEIKSKÓLASTJÓRA

Tuttugu leikskólastjórar og fjórir starfsmenn fagskrifstofu lögðu land undir fót og heimsóttu Pólland í byrjun júní. Flogið var til Varsjár þar sem hópurinn skoðaði borgina og kynnti sér skólastarf en síðan var haldið til Lublin. Þar dvaldi hópurinn í fimm daga og fræddist um pólska menningu, tungu, menntakerfi, sögu og samfélag borgarinnar, bæði með fræðslufundum og fyrirlesturum en einnig með því að heimsækja stofnanir og skóla. Viðamikil skýrsla um ferðina var gefin út á haustmánuðum.

STÓRI LEIKSKÓLADAGURINN

Stærsta fagstefna leikskólastarfsfólks á landinu, *Stóri leikskóladagurinn*, var haldinn í Ráðhúsi Reykjavíkur og Tjarnarbíói 27. maí. Settir voru upp 30 sýningarbásar þar sem leikskólar borgarinnar kynntu framsækin verkefni og nýbreytni í fagstarfinu. Þá var boðið upp á fimm erindi, s.s. um jafnrétti í leikskólastarfi, um málskilning og orðaforða barna og um leikskóla án aðgreiningar. Hvatningarverðlaun skóla- og frístundaráðs vegna leikskólastarfs voru í fyrsta sinn afhent á þessum degi sem bauð upp á að mun fleiri voru viðstaddir þá hátíðlegu athöfn. Hefð er fyrir því að bjóða gestasveitarfélagi þátttöku á *Stóra leikskóladeginum* og þekktist Garðabær að þessu sinni boðið.

DAGUR LEIKSKÓLANS

Vel á sjöunda hundrað starfsmenn leikskólanna sóttu ráðstefnuna *Gerðu og ég sé - segðu og ég heyri!* sem haldinn var 4. febrúar í tengslum við dag leikskólans sem haldinn er hátíðlegur á landsvísi 6. febrúar ár hvert. Aðalfyrirlesarar voru þær Hrönn Pálmadóttir, lektor við HÍ, og Fríða Bjarney Jónsdóttir, verkefnastjóri fjölmenningar hjá skóla- og frístundasviði. Þá fluttu erindi þær Aðalheiður Stefánsdóttir, aðstoðarleikskólastjóri í Reynisholti, og Jóhanna Kristín Jónsdóttir, proskaþjálfari í Geislabaugi.

BREYTINGAR Í STJÓRNENDAHÓPNUM

- **Aðalheiður Stefánsdóttir** var á árinu ráðin leikskólastjóri í Reynisholti. Hún tók við starfinu 1. ágúst af *Sigurlaugu Einarsdóttur* sem stjórnað hafði skólann um frá upphafi.
- **Særún Ármannsdóttir** tók við stjórninni í leikskólann um Hofi í september þegar *Ingveldur Hrönn Björnsdóttir* lét af störfum.
- **Unnur Jónsdóttir** lét af störfum sem leikskólastjóri á Mýri eftir áratuga starf í þágu reykviskra barna.

AFMÆLI LEIKSKÓLA

Þrjár leikskólar fögnuðu stórafmælum á árinu. Laufskálar og Seljakot héldu upp á 20 ára afmæli með opnu húsi og þátttöku barna, foreldra og starfsfólks. Þá fagnaði leikskólinn Nóaborg þrítugsafmæli í desember með veisluhöldum fyrir foreldra og börn.

ERLENDIR GESTIR OG HEIMSÓKNIR

Að venju hefur fagskrifstofa leikskólamála tekið á móti erlendum gestum sem koma að kynna sér starfsemi leikskóla og skrifstofu skóla- og frístundasviðs. Á árinu komu hópar gesta frá Slóveníu, Búlgaríu, Rúmeníu, Kanada, Þýskalandi og Danmörku og sáu Elísabet Helga Pálmadóttir og Fríða Bjarney Jónsdóttir um skipulagða kynningu fyrir gestina en margir þeirra sýndu áhuga á stuðningi við fötluð börn og á fjölmennarlegu skólastarfi. Þá tók fagskrifstofan þátt í að kynna sérkennslu, stuðning við nemendur og fjölmenningu á fundi Evrópunefndar um skóla án aðgreiningar sem haldinn var í maí í af mennta- og menningarmálaráðuneytinu.

SAMEINING LEIKSKÓLA

Á árinu voru leikskólarnir Mýri og Hagaborg sameinaðir. Leikskólastjóri er Ólafur Brynjar Barkarson. Þá var starfsemi leikskólans Bergs endurskoðuð en hann hafði verið sameinaður leikskólanum Bakka frá árinu 2011. Ákveðið var að sameina allt skóla- og frístundastarf á Kjalarnesi og sameinaðist Berg Klébergsskóla. Nýr stjórnandi sameinaðs skóla er Sigrún Anna Ólafsdóttir.

FRAMKVÆMDIR VIÐ LEIKSKÓLALÓÐIR

Á sumarmánuðum var farið í endurnýjun á lóðum leikskólanna Bakkaborgar (fyrsti áfangi) og Hraunborgar í Breiðholti fyrir um 75 milljónir króna. Lóðirnar voru endurhannaðar og fólust framkvæmdir í endurnýjun á yfirborðs efni og leiktækjum.

Í átaksframkvæmdum var farið í að lagfæra lóðir sem ekki var talin þörf á að endurhanna en þar sem bæta má fallvarnir og önnur öryggisatriði. Lóðir voru lagaðar hjá leikskólunum Múlaborg, Hagaborg, Reynisholti, Engjaborg, Grandaborg, Fífuborg, Öldukoti, Hömrum, Sunnufold (Frosti), Hulduheimar og Funaborg.



Frá Stóra leikskóladeginum sem haldinn var í Ráðhúsinu í maí.

Grunnskólar

Þann 1. október 2016 var 14.141 nemandi í almennum grunnskólum og tveimur sérskólum borgarinnar og 695 nemendur í sjálfstætt starfandi grunnskólum. Alls voru grunnskólanemendur 14.836 og fjölgaði þeim um 144 nemendur á milli ára.

INNLEIÐING UMBÓTAÞÁTTA

Grunnskólum borgarinnar bauðst að sækja um sérstaka úthlutun, samtals 75 milljónum kr., til að innleiða umbótaþætti skóla- og frístundaráðs. Hver skóli gat sótt um ákveðna upphæð sem m.a. var áætluð út frá nemendafjölda. Umsóknir skólanna bentu til þess að unnið væri mjög fjölbreytt og metnaðarfullt starf í grunnskólunum, nú sem endranær.

HAUSTSMIÐJUR

Hátt í fjögur hundrað reykvískir kennara sóttu haustsmiðurnar sem haldnar voru í Langholtsskóla 10.-11. ágúst. Um 30 námskeið voru í boði, m.a. um læsi, upplýsingatækni, list- og verkgreinar, kynjafræði, stærðfræði og heimspeki. Samningur var gerður við fræðslu- og frístundasvið Mosfellsbæjar um að grunnskólakennarar þaðan ættu kost á að taka þátt í haustsmiðjum gegn 30% viðbótargjaldi og sótti 71 kennari þaðan smiðjurnar.

NÝIR KJARASAMNINGAR

Harka færðist í kjaradeilu grunnskólakennara á haustmánuðum, en þá höfðu þeir verið samningslausir mánuðum saman. Um samdist eftir harða samningslotu í lok nóvember og voru nýir kjarasamningar til eins árs samþykktir í desember.

SAMSTARF UM SKÓLAÞRÓUN

Skóla- og frístundasvið gekk á árinu til samstarfs um *MenntaMiðju*, samráðsvettvang um skólastarf og skólaþróun. *MenntaMiðja* er rekin í samstarfi Háskóla Íslands, mennta- og menningarmálaráðuneytis, Kennarasambands Íslands og Sambands íslenskra sveitarfélaga. Samstarfsamningur til þriggja ára var undirritaður í janúar.

NÝTT NÁMSMAT

Margvíslegt starf fór fram á vegum grunnskólaskrifstofu til að styðja við skólastjórnendur og kennara við innleiðingu á nýjum hæfnisviðmiðum í samræmi við aðalnámskrá og nýtt námsmat. Skipulögð voru námskeið og veitt margvísleg ráðgjöf. John Morris, skólastjóri Ardleigh Green Jr. School, var á haustdögum með fræðslufund um leiðsagnarmat sem var afar vel sóttur. Nanna K. Christiansen, verkefnastjóri

á fagskrifstofu, sótti í nóvember námskeið í London um leiðsagnarmat hjá Shirley Clarke sem er virtur höfundur bóka og fræðiritra um efnið.

MAT Á GÆÐUM GRUNNSKÓLASTARFS

Fjórir skólar fóru í gegnum ytra mat á gæðum skólastarfs á vorönn 2016; Breiðagerðisskóli, Rimaskóli, Norðlingaskóli og Hlíðaskóli. Ytra mat fór fram á Ölduselsskóla á haustönn 2016 en mati á öðrum skólum var frestað vegna annarra áriðandi verkefna á sviðinu.

FRAMKVÆMDIR VIÐ SKÓLA OG SKÓLALÓÐIR

Á árinu var lokið við endurbætur á lóðum og leiksvæðum við Breiðagerðisskóla og Ölduselsskóla. 74 milljónum króna var varið til endurgerðar lóðarinnar við Breiðagerðisskóla og sömu upphæð til að klára endurbætur á lóðinni við Ölduselsskóla. Þá var skólastjórnendum boðið upp á fleiri hjólastæði á skólalóðum til samræmis við samgöngustefnu borgarinnar.

Fyrsti hluti af nýjum Dalskóla í Úlfarsárdal var tekinn í notkun um miðjan september, ári eftir að fyrsta skóflustungan var tekin að húsinu. Húsið, sem fyrst um sinn verður notað til að kenna elstu árgöngum skólans, er hannað sem leikskóli. Það er 820 fermetra að stærð, auk 2000 fermetra lóðar. Einnig hófust á árinu framkvæmdir við annan áfanga skólahússins, sjálfan grunnskólann, sem verður nær 7000 fermetrar og tekinn í notkun í árslok 2018.

Unnið var áfram að hönnun og undirbúningi að viðbyggingu við Vesturbæjarskóla.

SKÓLASAFNAMIDSTÖÐ LÖGÐ NIÐUR

Starfsemi Skólasafnamiðstöðvar var hætt 1. júlí í samræmi við ákvörðun skóla- og frístundaráðs frá því í mars. Við það færðust meginverkefni miðstöðvarinnar út til skólasafna grunnskólanna og til skrifstofu sviðsins þar sem Margrét Björnsdóttir gegnir áfram starfi ráðgjafa, skráir bókakost og er starfsfólki skólasafna til aðstoðar.

NÝIR SKÓLASTJÓRNENDUR

- **Ágúst Ólason** tók við starfi skólastjóra Foldaskóla í byrjun árs 2016 þegar **Kristinn G. Breiðfjörð** lét af störfum vegna aldurs. Ágúst var áður m.a. aðstoðarskólastjóri í Norðlingaskóla.
- **Árni Einarsson** tók í byrjun árs við stöðu skólastjóra í Klettaskóla af **Erlu Gunnarsdóttur**. Árni var um 12 ára skeið aðstoðarskólastjóri í Brúarskóla.
- **Björgvin Þór Þórhallsson** var í apríl ráðinn skólastjóri í Melaskóla. Hann starfaði áður sem skólastjóri í Klébergsskóla á Kjalarnesi. Við skólastjórastöðunni í Klébergsskóla tók **Sigrún Anna Ólafsdóttir** og stýrði hún sameinuðum leik- og grunnskóla með frístundaþjónustu og tónlistarskóla.
- **Arndís Steinpórsdóttir** var í apríl ráðin skólastjóri í Háteigsskóla þegar **Ásgeir Beinteinsson** lét af störfum vegna aldurs. Arndís starfaði áður sem aðstoðarskólastjóri í Kelduskóla og kennari og deildarstjóri í Borgaskóla.

- **Jón Páll Haraldsson** var á vordögum ráðinn skólastjóri Laugalækjarskóla en hann starfaði áður sem kennari og aðstoðarskólastjóri við sama skóla. Hann tók við starfinu af **Birni M. Björgvinssyni** sem lét af störfum vegna aldurs eftir áratugastarf sem aðstoðarskólastjóri og skólastjóri í Laugalækjarskóla.

AFMÆLI SKÓLA

- **Laugarnesskóli** fagnaði áttæðisafmæli á árinu. Á vormánuðum var þeirra tímamóta minnst með vikudagskrá, opnu húsi, verkefnavinnu um sögu skólans, skrúðgöngu og fleira.
- **Melaskóli** fagnaði sjötugsafmæli í byrjun skólaárs með opnu húsi, nýju merki skólans og sýningu nemenda á verkum sem unnin voru í tilefni tímamótanna.
- **Grandaskóli** fagnaði á vordögum þrítugsafmæli með skrúðgöngu og útihátíð.



Afmælishátíð í Laugarnesskóla

ERLENDIR GESTIR

Sem fyrr bárust skrifstofu SFS fjölmargar beiðnir erlendis frá um samstarf og heimsóknir. Grunnskólaskrifstofa tók á móti sveitarstjórnarmönnum frá Ítalíu, Frakklandi og Japan, auk fulltrúa í menntamálanefnd grænenska þingsins, og skipulagði skólaheimsóknir þeirra.

Starfsmenn skrifstofunnar voru einnig beiðnir um að fræða rúmenska gesti um forvarnir og hópur færeyskra kennara fékk fræðslu um menningu og listir í grunnskólum borgarinnar. Skrifstofan hefur jafnframt um árabíl aðstoðað við að skipuleggja starfsnám franskra framhaldsskólanna frá Aix-en-Provence.

Hópur á vegum Evrópumíðstöðvar um nám án aðgreiningar og nemendur með sérþarfir heimsótti skóla í borginni og kynnti sér stefnu borgarinnar um skóla- og frístundastarf án aðgreiningar. Einnig var tekið á móti hópi frá Slóveníu sem kynnti sér samfélag og skóla án aðgreiningar.

Fulltrúi grunnskólaskrifstofu tók þátt í að undirbúa stofnun sérdeildar fyrir einhverf börn í Rúmeníu og annar sótti námsstefnu á vegum Evrópsku tungumálamiðstöðvarinnar í Graz. Í framhaldinu komu sendifulltrúar þaðan og héldu námskeið fyrir grunnskólakennara í ágúst sem bar yfirskriftina *Stuðningur við fjöltyngda námshópa*.

RÁDSTEFNUHEIMSÓKNIR

Fjölmargir kennarar í grunnskólum borgarinnar ásamt tveimur verkefnastjórum grunnskólaskrifstofu sóttu í janúar árlega BETT ráðstefnu í London og heimsóttu skóla í tengslum við sýninguna. Tólf skólastjórar og þrjár starfsmenn á skrifstofu SFS sóttu í apríl ASCD-ráðstefnu í Atlanta. Tveir starfsmenn skrifstofunnar fóru til New York til að kynna sér nýjungar í skólastarfi og kennslurýmum (Maker Movement). Stór hluti grunnskólaskrifstofu kynnti sér í maí skólastarf, sögu og menningu Póllands.



Kennslustund í Vesturbæjarskóla.

Mötuneyti

Mötuneytisþjónusta skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar vann á árinu áfram að því að samræma og tryggja gæði í mötuneytisþjónustu fyrir börn og ungmenni. Unnið var í samstarfi við yfirmenn skólamötuneyta og birgja að því að samræma matseðla í hverfum og tryggja sem hagstæðust innkaup á hráefni með örútbodum á hverfavisu. Þá var unnið að því að betrubæta vinnuáðstöðu og tækjabúnað í skólamötuneytum.

Áfram var unnið að því að innleiða nýjan þjónustustaðal fyrir skólamötuneytin. Samhliða fjölgaði þeim grunnskólum sem birtu á heimasiðum sínum næringaútreiknaða matseðla.

Stefnt er að samvinnu leikskóla í hverfum og að samræma matseðla þeirra í samstarfi við grunnskóla.

Farið var í tilraunaverkefni þar sem aðkeypt matarþjónustu með starfsmanni hófst í átta leikskólum borgarinnar.

STÝRIHÓPUR UM MATARÞJÓNUSTU

Stofnaður var stýrihópur á vegum borgarstjóra um samræmda matarstefnu Reykjavíkurborgar þar sem stefnt er að því að samræma stefnu borgarinnar í mötuneytismálum.

HÆKKUN MÖTUNEYTISGJALDSKRÁR

Liður í aðgerðaráætlun borgaryfirvalda í skólamálum sem samþykkt var í ágúst var að auka fjárframlög til hráfnis-kaupa fyrir mötuneyti skólanna og hækka gjaldskrá um 100 krónur á dag í leik- og grunnskólum. Það á að tryggja góðan og næringarríkan mat og meiri gæði máltíða. Gjaldskrárbreytingin fól í sér að fæðisgjald barna sem dvelja í sjö til níu stundir í leikskóla hækkaði úr 8.320 krónum á mánuði í 10.480 krónur. Verð fyrir máltíðir nemenda í grunnskólum borgarinnar hækkaði úr 7.100 krónum í 9.270 á mánuði. Hækkunin tók gildi 1. október.

KAUP Á STÖKUM SKÓLAMÁLTÍÐUM

Að tillögu skóla- og frístundaráðs samþykkti borgarráð í júní að heimila grunnskólum að selja stakar máltíðir í gegnum áskriftarkerfi skólamötuneytanna á hátíðis- og tyllidögum og þegar máltíð er hluti af skóladagskrá.

NÁMSKEIÐ

Á árinu voru, í samstarfi við Astma og ofnæmisfélag Íslands, haldin námskeið um ofnæmisfæði fyrir starfsfólk mötuneyta í leik- og grunnskólum. Námskeiðið var bæði bóklegt og verklegt og var vel heppnað. Áframhald verður á þessu samstarfi með sams konar námskeiðum fyrir starfsfólk frístundamiðstöðva.

Mötuneyti skóla- og frístundasviðs veita um 18.000 börnum á aldrinum 1 -16 ára þjónustu.



Frístundastarf

Þann 1. október 2016 voru 5 frístundamiðstöðvar reknar af Reykjavíkurborg. Þær höfðu umsjón með 34 frístundaheimilum og 24 félagsmiðstöðvum. Til viðbótar voru 5 frístundaheimili og 1 félagsmiðstöð rekin af grunnskólum. Alls voru 4.530 börn skráð á frístundaheimili fyrir 6-9 ára börn og í sértækar félagsmiðstöðvar fyrir fötluð börn og unglinga í 5.-10. bekk. Hátt í 120.000 heimsóknir 10-16 ára barna voru skráðar í félagsmiðstöðvar á árinu 2016.

Starfsmannamál

Í upphafi skólaársins vantaði á annað hundrað starfsmenn í hálf starf inn á frístundaheimilin. Þar af var ómannað í meira en tuttugu stöðugildi í frístundastarfi með fötluðum börnum og ungmennum. Allt haustið voru biðlistar inn á mörg frístundaheimili og sértækar félagsmiðstöðvar. Á frístundaheimilinu Guluhlíð og í félagsmiðstöðinni Öskju, sem þjónustar börn og unglinga við Klettaskóla, var ákveðið að bjóða öllum upp á hlutavistun í stað þess að börn væru á biðlista.

Starfsáætlun

Unnið var með fagáherslur í starfsáætlun sviðsins í frístundastarfinu. Fulltrúar frá *Miðju máls og læsis* heimsóttu frístundamiðstöðvarnar og gáfu góð ráð um hvernig efla mætti málþroska, lestrarfærni og lesskilning.

Á fagstefnunni *Höfuð í bleyti* í lok apríl fjallaði inngangserindi Vígdísar Jakobsdóttur um listir og sköpun í frístundastarfi. Þá voru mörg þróunarverkefni í frístundastarfinu tengd listum og sköpun og frístundamiðstöðvarnar tóku virkan þátt í Barnamenningarhátíð í apríl.

Í starfsáætlunum frístundamiðstöðva var lögð áhersla á lýðheilsu, lýðræði og foreldrasamstarf. Deildarstjórar barna og unglíngastarfs unnu á haustönn aðgerðaráætlun um útfærslur og vinnu í tengslum við þessa áherslupætti. Gátlistar um heilsueflandi frístundaheimili og félagsmiðstöðvar voru gerðir í samstarfi við Embætti landlæknis, prófaðir á vorönn og innleiddir á haustönn.

Fulltrúi Reykjavíkurráðs ungmenna setti fram tillögu á árlegum fundi með borgarstjórn um að borgin stæði fyrir reglulegum ungmennapíngum og í framhaldi af þeirri tillögu var haldið ungmennapíng á vegum Ungmennaráðs Vesturbæjar. Tvö slík píng verða haldin á árinu 2017.

Hópur félagsmiðstöðvastarfsfólks fór í námsferð til Lunda í Svíþjóð og kynnti sér lýðræðisvinnu með ungu fólki.

Úttektir voru gerðar á foreldrasamstarfi á frístundaheimilum og félagsmiðstöðvum og sett fram áætlun um aðgerðir til úrbóta.

Á haustönn fór af stað verkefni sem miðar að því að auka þátttöku barna með annað móðurmál en íslensku í frístundastarfinu með því að bjóða þeim sem fluttust til landsins á árinu 2016, þrjá gjaldfrjálsa mánuði á frístundaheimili. Að auki tóku tvær frístundamiðstöðvar

í samstarfi við grunnskóla þátt í verkefni að frumkvæði Ungmennaráðs Breiðholts sem fólst í aðkomu jafnaldra í móttöku barna með annað móðurmál en íslensku í þeim tilgangi m.a. að auka virka þátttöku þeirra í félags- og frístundastarfi.

Stjórnendur frístundaheimila og félagsmiðstöðva fengu á haustönn fræðslu um fjölmenningslegt frístundastarf.

Frostaskjól 30 ára

Frístundamiðstöðin Frostaskjól efndi til fjölskylduhátíðar í tilefni þrítugsafmælis í febrúar þar sem boðið var upp á margvíslegan afrakstur af fagstarfinu, s.s. tónlistarflutning, uppistand unglínginga og sýningu á stuttmyndum barna af frístundaheimilum. Frostaskjól hóf starfsemi í febrúar 1986 og starfaði fyrstu árin sem félagsmiðstöð með áherslu á forvarnarstarf. Undir Frostaskjól störfuðu á árinu fjögur frístundaheimili og tvær félagsmiðstöðvar.

Kampur og Frostaskjól sameinuð undir eina yfirstjórn

Á fundi skóla- og frístundaráðs í mars var ákveðið að sameina yfirstjórn frístundamiðstöðvanna Kamps og Frostaskjól frá og með 1. ágúst 2016. Stjórnendateymi sameinaðrar frístundamiðstöðvar var skipað þeim Guðrúnu Kaldal framkvæmdastjóra, Þorsteinni V. Einarsyni, deildarstjóra unglíngastarfs, Steinunni Grétarsdóttur, deildarstjóra barnastarfs, og Héðni Sveinbjörnssyni fjármálastjóra.

Eftir að sameinuð frístundamiðstöð tók til starfa í Frostaskjól var leitað eftir hugmyndum hjá íbúum í Hlíðum, Miðborg og Vesturbæ að nafni á hana. Alls bárust 85 tillögur að nýju nafni. Valnefnd fór yfir tillögurnar og valdi úr fimm nöfn sem kosið var um. Niðurstaðan varð sú að nýja frístundamiðstöðin fékk nafnið *Tjörnín*.

Hækkun frístundakorts

Í lok ársins var frístundastyrkur til barna og ungmenna hækkaður um 42,8% eða úr 35.000 krónum í 50.000 krónur. Líðlega 80% barna og ungmenna í borginni nýttu sér að jafnaði styrkinn til tólmstundaiðkunar.

Höfuð í bleyti

Uppskeruhátíð frístundastarfsins, *Höfuð í bleyti*, var haldin 29. apríl. Skúli Helgason, formaður skóla- og frístundaráðs,

afhenti þar hvatningarverðlaun ráðsins fyrir nýbreytni-
verkefni á vegum frístundamiðstöðvanna. Þá flutti Vigdís
Jakobsdóttir, aðjúnt í Listaháskóla Íslands, erindi sem hún
kallaði *Frí stund fyrir listir og sköpun*. Alls fóru fram 29 mál-
stofur um fjölbreytt viðfangsefni á frístundaheimilum og í
félagsmiðstöðvum og frístundamiðstöðvum. Mörg verkefna-
anna sem kynnt voru höfðu áður fengið þróunarstyrk skóla-
og frístundaráðs.

Stefnumótun um frístundaþjónustu

Stýrihópur um mótun stefnu um frístundaþjónustu var
að störfum á árinu og efndi hann m.a. til stórfundar
í apríl í Tjarnarsal Ráðhússins þar sem ræddar voru
hugmyndir ungs fólks um það sem betur mætti fara í frí-
stundamálum. Fundargestir voru m.a. fulltrúar foreldra,
Reykjavíkurráðs ungmenna, íþrótt- og æskulýðsfélaga,
tónlistarskóla, frístundamiðstöðva, þjónustumiðstöðva,
sundlauga, félags eldri borgara, menningarstofnana,
leik- og grunnskóla, Menntavísindasviðs HÍ og Embættis
Landlæknis. Stýrihópurinn nýtti niðurstöður umræðna í
stefnumótunarvinnunni sem lauk í lok ársins.

Vetrarfrí

Frístundamiðstöðvarnar buðu upp á fjölbreytta dagskrá
fyrir alla fjölskylduna í vetrarfríum grunnskólanna í febrúar
og október. Jafnframt var haft samstarf við menningar-

stofnanir og sundlaugar um endurgjaldslausu skemmtun
og fræðslu og dagskráin kynnt rækilega fyrir foreldrum á
þremur tungumálum í gegnum frístundagáttina *Mentor*.
Meðal þess sem boðið var upp á hjá frístundamiðstöðvu-
num voru skapandi smíðjur, útiildun, leikir og klifur.

Breyting á opnunartíma frístundaheimila

Frá og með nýju skólaári í ágúst breyttist opnunartími frí-
stundaheimila samkvæmt ákvörðun borgarráðs. Með þeirri
ákvörðun var frístundaheimilum lokað stundarfjórðungi
fyrir en áður eða kl. 17:00 í stað 17:15 og var það m.a. gert
til samræmis við opnunartíma leikskólanna. Samkvæmt
könnun sem gerð var nýttu 200 börn af þeim rúmlega 4.000
sem voru á frístundaheimilum borgarinnar þjónustuna milli
kl. 17:00 og 17:15.

Félagsmiðstöðvadagurinn

Árlegur dagur félagsmiðstöðvanna var haldinn 2. nóvember
með fjölbreyttri dagskrá fyrir alla fjölskylduna. Yfirskrift
dagsins að þessu sinni var *Framtíðin er núna*. Starfsemi
félagsmiðstöðvanna var kynnt með margs konar uppákoma-
um og opnum húsum, en hann var nú haldinn í ellefta sinn.

Reykjavíkurráð ungmenna

Reykjavíkurráð ungmenna fundaði í febrúar með borgar-
stjórn og báru fulltrúar upp átta tillögur sem allar sneru að



Fulltrúar ungmennaráðanna ásamt borgarfulltrúum að loknum skemmilegum borgarstjórnarfundum.



Hagaskólastúlkur fagna sigri í Skrekk annað árið í röð.

hagsmunamálum ungs fólks í borginni. Meðal þess sem lagt var til var betri kynþroskafræðsla, betra stuðningsnet í skólum fyrir börn af erlendum uppruna, betra aðgengi barna að sálfræðipjónustu, uppbyggingu á affþreyingarmiðstöð við Rauðavatn og regluleg ungmennaþing um málefni sem brenna á ungu fólki. Fundurinn var líflegur og fjölmargir mættu á áheyrendapalla til að fylgjast með málflutningi unga fólksins og umræðum. Allar tillögurnar voru samþykktar og fagræðum falið að taka þær til meðferðar.

Sænsk ungmenni kynntu sér ungmennaráðin

Fulltrúar sænskra ungmennaráða komu í ágúst til Íslands með stuðningi frá *Evrópu unga fólksins* og kynntu sér starf ungmennaráða hér á land. Hópurinn heimsótti Ráðhús Reykjavíkur og fékk þar m.a. kynningu hjá Skúla Helgasyni, formanni skóla- og frístundaráðs, auk þess sem fulltrúar Reykjavíkurráðs ungmenna sögðu gestunum frá því hvernig ýmsar tillögur þeirra hefðu komið til framkvæmda í borginni.

Heildstæð sumarþjónusta

Yfir sumarmánuðina bauðst 6-16 ára börnum í Klettaskóla heildstæð frístundaþjónusta í samræmi við tillögur starfshóps. Foreldrar barna í Guluhlíð og Öskju fengu því val um hvenær þeir tækju tveggja vikna sumarleyfi í stað þess að vera bundnir af jafn langri lokun. Starfshópur komst að þeirri niðurstöðu að heildstæð þjónusta yfir sumartímann myndi leiða til betri og sveigjanlegri þjónustu við börnin og fjölskyldur þeirra og yrði að öllum líkindum til þess að jafnari nýting yrði á plássum yfir sumarið. Þá gæfist jafnframt meiri möguleiki á heilsársráðningu starfsfólks.

Skrekkur

Ríkisútvarpið sýndi beint frá úrslitakeppni Skrekks í nóvember þar sem átta grunnskólar kepptu til úrslita. Svo fóru leikar að Hagaskóli vann hæfileikakeppnina annað árið í röð með tvíeykið *RuGI* í fararbroddi og samnefnt atriði. Í öðru sæti varð Ölduselsskóli og Árbæjarskóli hreppti það þriðja.

Réttindaganga

Að venju fóru börn af frístundaheimilum í Miðborg, Hlíðum og Vesturbæ í *Réttindagöngu* í nóvember og minntu á réttindi sín samkvæmt Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Gangan var lokahnykkur á réttindaviku þar sem lögð var áhersla á lýðræðisleg vinnubrögð og að styrkja rödd barna. Gengið var frá Skólavörðuholti og niður í Þjóðleikhús þar sem Guðni Th. Jóhannesson forseti og Dagur B. Eggertsson borgarstjóri ávörpuðu börnin og boðið var upp á sýningu með brotum úr nýjum barnaleikritum.

Frístundahreysti barna í Guluhlíð

Börn í 1.-4. bekk í frístundastarfi í Guluhlíð tóku þátt í *Frístundahreysti* í júní, keppni þar sem allir eru sigurvegarar. Öll fóru börnin þrautahringinn sem er sniðinn að þörfum barna með sérþarfir, og sýndu þau bæði þor og þrek.

Frístundahreysti fékk hvatningarverðlaun skóla- og frístundaráðs vorið 2015 en keppnin miðar að því að skapa fötluðum börnum sambærilegan vettvang og í *Skólahreysti*. Verkefnið var unnið í samstarfi við Íþróttasamband fatlaðra og *Skólahreysti*. Þá styrkti Kyndilhlaup lögreglunnar keppnina.

Fjöldi barna í frístundaheimilum 1. október 2016

Frístundaheimili	Fædd 2007	Fædd 2008	Fædd 2009	Fædd 2010	Alls 2016	Alls 2015
Álfheimar - Hólabrekkuskóli	0	2	41	52	95	93
Álftabær - Álftamýrarskóli	6	22	31	39	98	98
Bakkasel - Breiðholtsskóli	11	29	35	39	114	128
Brosbær - Vættask.Engi	7	17	31	25	80	78
Dalheimar - Laugardalur	32	103	0	0	135	146
Draumaland - Austurbæjarskóli	30	27	34	37	128	136
Eldflaugín - Hlíðaskóli	26	40	55	63	184	185
Fjósið - Sæmundarskóli	17	34	41	63	155	136
Frostheimar - Vesturbær	90	170	0	0	260	281
Galdraslóð - Keldusk. Vík	5	21	22	30	78	65
Glaðheimar - Langholtsskóli	0	0	76	67	143	145
Gulahlíð - Klettaskóli	15	7	16	8	46	45
Halastjarnan - Háteigsskóli	19	37	44	37	137	146
Hraunheimar - Breiðholt	30	49	0	0	79	43
Hvergiland - Vættask.Borgir	11	15	23	25	74	64
Kastali - Húsaskóli	22	19	27	12	80	97
Kátakot - Klébergsskóli	2	3	7	11	23	19
Klapparholt - Norðlingaskóli	5	39	70	73	187	187
Krakkakot - Háaleitissk.Hvassaleiti	2	20	30	27	79	81
Laugarsel - Laugarnesskóli	0	2	90	87	179	166
Neðstaland - Fossvogsskóli	28	45	56	39	168	163
Regnbogaland - Foldaskóli	8	38	37	31	114	94
Regnboginn - Breiðholt	21	76	0	0	97	72
Selið - Melaskóli	0	0	95	91	186	185
Simbað Sæfari - Hamraskóli	12	25	20	16	73	67
Skólasel - Ártúnsskóli	14	17	38	24	93	83
Skýjaborgir - Vesturbæjarskóli	1	0	50	53	104	100
Sólbúar - Breiðagerðisskóli	15	37	52	54	158	139
Stjörnuland - Ingunnarskóli	4	20	42	42	108	106
Tígrisbær - Rimaskóli	13	27	58	44	142	157
Töfrasel - Árbæjarskóli	31	38	35	43	147	137
Undraland - Grandaskóli	0	0	42	60	102	83
Úlfabyggð - Dalskóli	8	18	16	29	71	56
Vínafell* - Fellaskóli	0	0	10	13	23	31
Vinaheimar - Ölduselsskóli	0	0	46	41	87	89
Vínasel - Seljaskóli	0	1	56	66	123	117
Víðisel - Seláskóli	11	26	34	38	109	94
Vogasel - Vogaskóli	12	29	39	34	114	99
Ævintýraland -Keldusk.Korpa	7	6	14	15	42	54
Samtals	515	1059	1.413	1.428	4.415	4.265

*Í Vínafelli eru einungis börn með dvalartíma eftir 15:30 skráð í frístund. Börn fædd 2006 eru talin með 2007 og börn fædd 2011 eru talin með 2010.

Sértækar félagsmiðstöðvar 2016

Sértækar félagsmiðstöðvar 2016	2001-2003	2004-2006	Alls 2016	Alls 2015
Askja	33	28	61	58
Hellirinn	3	11	14	13
Hofið	8	12	20	18
Höllin	11	9	20	18
Samtals	55	60	115	107

Skólahljómsveitir og tónlistarskólar

Reykjavíkurborg rak fjórar skólahljómsveitir á árinu og voru alls 464 nemendur skráðir í tónlistarnám við upphaf skólaársins 2016-2017

Vorið 2016 var samþykkt í skóla- og frístundaráði að heimila 16-18 ára ungmennum í skólahljómsveitum hálf tónlistarnám gegn fullu gjaldi, ef þau tækju jafnframt fullan þátt í starfsemi elstu sveitanna í hverri hljómsveit. Ekki kom til viðbótarkennslumagn vegna þessa.

Reykjavíkurborg rekur Tónlistarskólann á Klébergi þar sem á fjórða tug barna stundaði nám á síðasta ári. Skólinn er rekinn sem hluti af grunnskóla hverfisins.

Reykjavíkurborg greiddi kennslu- og stjórnunarkostnað vegna fornáms, grunnnáms og miðnáms á hljóðfæri og fornáms og grunnnáms í söng til 18 tónlistarskóla í borginni á árinu.

Alls stunduðu um 2.440 reykvískir nemendur nám í tónlistarskólunum í borginni haustið 2016 en heildarfjöldi skráðra nemenda var 2.707.

Árið 2016 hófst vinna vegna breytinga á reglum og samningum við tónlistarskóla í Reykjavík, en haustið 2016 var skylt að gera samninga við tónlistarskóla um kennslu á efri stigum vegna framlags úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga.

Samningar vegna skólaársins 2016-2017 voru ekki undirritaðir fyrr en á vordögum 2017. Reglur og samningar verða aftur endurskoðir vorið 2017. Ekki var samið um þau námsstig við Tónlistarskólann í Reykjavík og Tónlistarskóla FÍH þar sem þessir skólar hafa tekið að sér það verkefni að starfrækja menntaskóla í tónlist, MÍT.

Misdreifing tækifæra til tónlistarnáms í borginni er áhyggjuefni, ekki síst í ljósi sífellt skýrari rannsóknaniðurstaðna um jákvæð persónuleg áhrif á hvern þann sem nýtur slíks náms. Verkefni næstu ára er að jafna þessi tækifæri í samstarfi við alla hlutaðeigandi aðila.



Skóla- og frístundastarf án aðgreiningar

STUÐNINGUR OG SÉRKENNSLA

Í leikskóla-, grunnskóla- og frístundastarfi er unnið samkvæmt hugmyndafræði skóla- og frístundastarfs án aðgreiningar eins og fram kemur í stefnu sviðsins. Verkefnastjórar stuðnings- og sérkennslu í leikskóla-, grunnskóla- og frístundahluta fagskrifstofu mynda teymi og vinna saman að málum er varða stuðning við börn og nemendur.

Á árinu voru til skoðunar málefni barna með tal- og málþroskavanda og fjallaði vinnuhópur starfsmanna skóla- og frístundasviðs og velferðarsviðs um ábyrgð Reykjavíkurborgar vegna talþjálfunar. Hópurinn skilaði niðurstöðum sínum og tillögum í maímánuði bæði til velferðaráðs og skóla- og frístundaráðs. Tillögurnar eru enn til skoðunar á sviðunum, en m.a. var lagt til að talmeinafræðingar yrðu hluti af þverfaglegri skólalþjónustu við leik- og grunnskóla í borginni. Samstarfsverkefni borgarinnar við Tröppu ehf. talþjálfun hélt áfram á árinu 2016 en um er að ræða tveggja ára tilraunaverkefni um þjónustu við börn vegna málþroskaskana og talgalla. Leikskólinn Miðborg og Austurbæjar-skóli hafa tekið þátt í því verkefni.

Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins vann á árinu að því að staðla sérstakt matskerfi (SIS; Support Intensity Scale for Children) sem ætlað er að meta þörf fatlaðra barna og unglinga fyrir stuðning. Skóla- og frístundasvið gekk til samstarfs við stjórnendur og ábyrgðaraðila verkefnisins, Dr. Tryggva Sigurðsson og Guðnýju Stefánsdóttur, og var matið notað í allmörgum leik- og grunnskólum borgarinnar.

Í október voru nýjar reglur um innritun og útskrift nemenda úr einhverfudeildum í grunnskólum Reykjavíkurborgar samþykktar af mennta- og menningarmálaráðherra og birtar í Stjórnartíðindum. Auk þess voru samþykktar og birtar endurskoðaðar reglur um innritun og útskrift nemenda úr Klettaskóla og Brúarskóla.

Evrópumiðstöð um nám án aðgreiningar og sérþarfir vann á árinu að úttekt á Íslandi á framkvæmd stefnunnar um skóla án aðgreiningar á leik-, grunn- og framhaldsskólastigi. Úttektin var gerð samkvæmt tillögu starfshóps mennta- og menningarmálaráðuneytis um greiningu á framkvæmd stefnu um skóla án aðgreiningar 2015 og fór meðal annars fram í Reykjavík.

Unnið var á árinu að reglum um skólaakstur fatlaðra grunnskólanemenda á vegum Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu. Ekki náðist þó að ganga endanlega frá reglunum með samþykki sveitarfélaga og birta þær.

Einhverfusamtökin á Íslandi hafa sl. ár unnið með samþykki Rúmeníu að því að bæta aðstæður einhverfra þar í landi, s.s. nám í skólum. Í þessari vinnu var litið til ein-

hverfudeildanna í Reykjavík og ákveðið var að setja upp þrjár slíkar deildir að þeirra fyrirmynd í þremur borgum í Rúmeníu. Verkefnastjóri sérkennslu tók þátt í verkefninu, vann með hópnum í Rúmeníu, auk þess sem tekið var á móti honum hér á landi. Að auki kom hópur skólafólks frá Slóvakíu til Reykjavíkur í janúar til að kynna sér leik- og grunnskólastarf án aðgreiningar.

Á árinu var haldið PMTO-grunnnámskeið fyrir starfsfólk í grunnskólum en það er gagnreynd aðferð sem miðar að því að efla foreldrafærni. Grunnmenntun fyrir starfsfólk skóla miðar að því að efla þekkingu á því hvernig nýta megi aðferðina til að takast á við hegðunarerfiðleika, efla skilning á þeim og veita ráðgjöf. Starfsfólk úr fjórum skólum í borginni sat fyrsta námskeiðið.

Haldnir voru tveir fræðslufundir fyrir sérkennara í grunnskólum á árinu. Annar fjallaði um stjórnmerka einkunngjöf við lok grunnskóla þar sem fyrirlesarar voru Guðlaug Sturlaugsdóttir, skrifstofustjóri grunnskólaskrifstofu, Jónína Rós Guðmundsdóttir, deildarstjóri sérkennslu í Norðlingaskóla, og Lilja Ármannsdóttir, deildarstjóri sérkennslu í Ingunnarskóla. Efni hins fundarins var um spjaldtölvur í starfi með ungum börnum með sérþarfir og var fyrir sérkennara á yngsta stigi grunnskóla og ábyrgðarmenn sérkennslu í leikskólum. Leiðbeinandi var Hanna Rún Eiríksdóttir, sérkennari og ráðgjafi í Klettaskóla og verkefnisstjóri **Sérkennslutorgs**.

Í ágúst var samþykkt í skóla- og frístundaráði að veita árlega viðurkenningu fyrir störf í þágu stefnunnar um skóla án aðgreiningar í minningu Arthurs Morthens.



FJÖLMENNING

Þann 1. október 2016 voru 1.313 börn af erlendum uppruna í leikskólum borgarinnar, þeirra á meðal börn með annað foreldri af íslenskum uppruna. Í grunnskólum borgarinnar fékk 1.871 barn úthlutun vegna íslenskukennslu samkvæmt málskilningsprófinu *Milli mála*.

Fjölmenningarteymi SFS var á árinu skipað Dagbjörtu Ásbjörnsdóttur, Dröfn Rafnsdóttur og Fríðu Bjarneyju Jónsdóttur sem jafnframt leiddi teymið. Hlutverk þess var m.a. að halda utan um innleiðingu á stefnu SFS í fjölmenningarlegu skóla- og frístundastarfi, *Heimurinn er hér*, og þróa um-bætur í starfi á grundvelli stefnu- og starfsáætlunar sviðs-ins þar sem einn af umbótaþáttum ársins var fjölmenning. Teymið skilaði í maí stöðuskýrslu til skóla- og frístundaráðs vegna innleiðingar stefnunnar.

Fjölmenningarteymið stóð á árinu að ýmsum fræðslu-tilboðum og námskeiðum auk stuttra fræðslufunda um fjölmenningarleg málefni:

- Þrjú námskeið voru haldin fyrir grunnskólakennara og stjórnendur í fyrirlögn próftækisins *Milli mála*. Elín Þóll Þórðardóttir, höfundur prófsins, var leiðbeinandi en á námskeiðinu fjallaði hún um máltöku og málþorska barna, hvernig börn læra annað mál og rannsóknir tengdar þeim þáttum
- Haldin voru tvö námskeið í samstarfi við Mennta-vísindasvið HÍ sem byggðu á stefnunni *Heimurinn er hér*. Annað var ætlað leikskólakennurum og grunnskólakennurum á yngsta stigi en hitt var fyrir grunnskólakennara á mið- og unglingastigi. Hátt í 40 kennarar sóttu námskeiðin.
- Í maí sóttu um 90 leikskólakennarar námskeið hjá Dr. Roma Chumak Horbatsch frá Kanada en hún er sérfræðingur í máli og læsi tvítyngdra barna og hefur þróað hugmyndafræði LAP (e. linguistically appropriate practices).
- Í ágúst sóttu 30 grunnskólakennarar tveggja daga vinnusmiðju sem haldin var í samvinnu sviðsins og Evrópska nýmálasetsins í Graz í Austurríki. Meginviðfangsefnið var fjöltyngiskennsla í skólustarfi.

Reglum um úthlutun vegna íslenskukennslu í grunnskólum var breytt í kjölfar innleiðingar málkönnunarprófsins *Milli mála* en samkvæmt niðurstöðum þess þurfa um 80% grunnskólanemenda stuðning við íslöskunámið alla

skólagönguna. Þetta á einnig við um þá nemendur sem eru fæddir á Íslandi og hafa gengið í leikskóla en íslenskar og erlendar rannsóknir sýna að þó að börn nái góðum tókum á samskiptamáli þegar þau eru ung þá þurfa þau stuðning við að ná tókum á skólaorðaforðanum. Starfsemi *Miðju máls og læsis* hófst í ágúst en meðal verkefna ráðgjafa þar er að sinna stuðningi, fræðslu og ráðgjöf við við leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðv vegna nemenda með annað móðurmál en íslensku.

Áherslur Barnamenningarhátiðar fyrir árið 2016 voru fjölmenningarlegar þar sem margbreytileikanum var fagnað í mörgum verkefnum og viðburðum. Opnunarviðburðurinn endurspeglaði öll þau fjölbreyttu tungumál og menningu sem tilheyrðu þeim börnum sem fædd voru á árinu 2006 og sóttu viðburðinn en að venju er öllum börnum í 4. bekk boðið í Hörpu. Verkefnið *Velkomin í leikskólann* minn var sett upp á Borgarbókasafni en um 275 börn tóku þátt í því að skoða og ræða stuttmyndina *Við fæðumst fordómalaus en hvað svo?* og hönnuðu svo listaverk í kjölfarið. Þar var sjónarhornið á hvernig taka mætti fallega á móti öllum nýjum börnum í leikskólann.

Alþjóðlegi móðurmálsdagur UNESCO og Evrópski tungumáladagurinn voru haldnir hátíðlegir í Gerðubergi í samvinnu við verkefnastjóra fjölmenningar á Borgarbókasafni og samtökin *Móðurmál*. Starfsstöðvar SFS fengu sendan upplýsingapóst um viðburðina og hugmyndir að verkefnum með fjölbreytt tungumál sem m.a. er að finna í *Heimurinn er hér* og á vef alþjóðlega móðurmálsdagsins á Tungumálatorgi.

Upplýsingagjöf til foreldra var bætt m.a. með útgáfu upplýsinga um grunnskóla á fimm tungumálum, bæklingum um frístundastarf og bættri upplýsingagjöf til foreldra á heimasíðum leikskóla og grunnskóla. Lögð var áhersla á að allt efni til foreldra verði þýtt á ensku og pólsku. Þá var upplýsingagjöf til starfsfólks og kennara í skóla- og frístundastarfi bætt þegar *Fróði*, nýr innri vefur fyrir starfsfólk Reykjavíkurborgar, var tekinn í gagn. Þetta


Árið 2016 var skemmtilegt menningarmótsár í leik- og grunnskólum borgarinnar. Mótin fóru meðal annars fram í menningarmótsskólunum Hólaborg, Árborg, Rofaborg, Laugasól, Ingunnarskóla, Fellaskóla og Ölduselsskóla. Háaleitisskóli, Hagaskóli, Langholtsskóli og Norðlingaskóli bættust í hóp þeirra skóla sem öðlast hafa reynslu af verkefninu. Á menningarmóti Norðlingaskóla sem haldið var á haustmánuðum tóku allir 600 nemendurnir þátt og er það metfjöldi frá upphafi þessa verkefnis.

Meðal nýrra verkefna hjá SFS er að halda utan um málefni barna flóttafólks og þeirra sem sækja um alþjóðlega vernd. Sótt var um alþjóðlega vernd fyrir 36 börn á leik- og grunnskólaaldri á árinu. 31. desember 2016 voru 10 grunnskólabörn og 6 leikskólabörn í þjónustu skólanna en 8 börn biðu þess að komast inn í leik- eða grunnskóla. Verklag fyrir skóla vegna móttöku barna í leit að alþjóðlegri vernd var kynnt stjórnendum í skóla- og frístundastarfi á haustmánuðum. Þá voru haldnir tveir fundir á vegum sviðsins þar sem sérstaklega var hugað að menntun barna hælisleitenda. Í kjölfarið var stofnaður hópur á vegum innanríkisráðuneytis með það að markmiði að þróa verklag vegna menntunar barna í þessum hópi.

Fjölmeningarteymið vann á haustmánuðum að undirbúningi, móttöku og aðlögun barna í hópi kvótaflóttafólks sem von var á til landsins í janúar 2017 en í hópnum voru 10 börn á leik- og grunnskólaaldri. Náð samstarf var við velferðarsvið í þessu verkefni. Áætlað er að börnin fari í þrjú grunnskóla og tvo leikskóla.



Fjöldi barna af erlendum uppruna í leikskólum Reykjavíkurborgar eftir borgarhlutum haustið 2016



Þverfagleg verkefni

MIÐJA MÁLS OG LÆSIS

Ráðgjafateymið *Miðja máls og læsis* tók til starfa í húsa- kynnum Austurbæjarskóla í upphafi skólaársins. Þar störfuðu fjórir kennsluráðgjafar sem studdu og veittu ráðgjöf til kennara og starfsfólks um markvissa vinnu með mál og læsi. Þjónustan er liður í þeirri stefnumörkun að efla málþroska, lestrarfærni og lesskilning meðal barna og ungmenna í skóla- og frístundastarfi í borginni. Kennsluráðgjafarnir heimsóttu á árinu marga skóla og frístundastofnanir og veittu kennurum m.a. ráðgjöf og stuðning. Dröfn Rafnsdóttir veitti þjónustunni forstöðu, en aðrir starfsmenn voru Arnheiður Helgadóttir, Ingibjörg Elísabet Jónsdóttir og Þóra Sæunn Úlfadóttir.

VINSAMLEGT SAMFÉLAG

Starfshópur stóð fyrir margs konar fræðslu á árinu um einelti og aðgerðir til að bregðast við því í skóla- og frístundastarfinu. Meðal annars var boðið til fræðslufundar í Gufunesbæ í apríl með leikskóla- og grunnskólakennurum, frístundaráðgjöfum og öðru starfsfólki þar sem

Vanda Sigurgeirsdóttir, dósent við HÍ, kynnti meðal annars þróunarverkefnið *Allir vinir* sem hún hefur stýrt í samstarfi við sviðið.

BIOPHILIA

Uppskeruhátíð vegna þátttöku starfsstaða sviðsins í norræna Biophilia-menntaverkefninu var haldin í Ráðhúsinu í júníbyrjun. Þar var bæði boðið upp á skipulagða dagskrá á sviði og sýningu á sköpunarverkum barna í tveimur leikskólum, einni frístundamiðstöð og fimm grunnskólum. Þar mátti m.a. skoða himinhnettina, hólógrömm af frumum og himingeimnum, hlustunarpípur til að nema hljóðin í líkamanum, spilandi reiðhjól og mánasteina. Þátttakendur voru Austurbæjarskóli, Dalskóli, frístundamiðstöðin Gufunesbær, Fossvogsskóli, leikskólinn Miðborg, leikskólinn Kvistaborg, Sæmundarskóli og Vogaskóli.

Biophilia-menntaverkefnið er samstarfsverkefni mennta- og menningarmálaráðuneytisins, Norrænu ráðuherranefndarinnar, Reykjavíkurborgar, Háskóla Íslands og Bjarkar Guðmundsdóttur. Síðastliðin þrjú ár hafa skólar



Spilandi reiðhjól var meðal þeirra sköpunarverka sem mátti skoða á uppskeruhátíð Biophilia-menntaverkefnisins.

á Norðurlöndunum tekið þátt í verkefninu með Ísland og starfsstaði skóla- og frístundasviðs í fararbroddi. Í október komu saman í Reykjavík fulltrúar þeirra norrænu skóla sem tóku þátt í verkefninu og sýndu og mátu afrakstur vinnunnar. Helstu niðurstöður sýna að Biophilia hefur haft jákvæð áhrif á kennsluáðferðir og kveikt áhuga meðal kennara um að beita skapandi og þverfaglegri nálgun í námi barnanna.

SAMRÁÐ VIÐ SKÓLA UM HVERFISSKIPULAG

Nemendur í 6. bekk í skólum í Árbæ, Breiðholti, Hlíðum og Háteigshverfi tóku á árinu þátt í skemmtilegu samstarfsverkefni um skipulag í sínum hverfum. Þeir gerðu m.a. líkan af hverfinu sínu og skiluðu inn hugmyndum um hvernig þeir sáu fyrir sér að það myndi þróast. Verkefnið var unnið undir leiðsögn kennara og starfsfólks umhverfis- og skipulagssviðs og veitti nemendum góða innsýn í borgarskipulag og húsagerðarlist. Líkönin sem urðu til voru m.a. notuð á samráðsfundum með íbúum um hverfisskipulag.

UPPLÝSINGATÆKNI

Á árinu voru haldin ýmis námskeið um upplýsingatækni í skólastarfi á vegum fagskrifstofu, Mixtúru og upplýsingatæknideildar Nefna má námskeið í haustsmiðjum grunn-skólakennara, starfsdaga leikskólakennara, sameiginleg spjaldtölvunámskeið skóla, námskeið um skapandi notkun upplýsingatækni og fræðslu um möguleika skýjalausna. Eins kom sviðið að skipulagi menntabúða í upplýsingatækni og ýmissa viðburða sem haldnir voru samstarfi við *MenntaMiðju*, RANNUNG og fleiri.

Áframhaldandi rýni á kostnað, þjónustu og stöðu starfsstaða er tengist upplýsingatækni fór fram. Ýmsir starfs hópar unnu að verkefnum er tengjast upplýsingatækni í leikskólastarfi, betra aðgengi skólafólks að símenntun og ábyrgri notkun upplýsinga- og samskiptatækni í skóla- og frístundastarfi. Tengslanet starfsmanna sviðsins var einnig nýtt til að miðla hagnýtum upplýsingum og varpa ljósi á fyrirmyndarverkefni sem víða er unnið að í hverfum borgarinnar.



Nemendur smíða líkön af götum og húsum í hverfinu sínu.

Í samstarfi við upplýsingatæknideild voru stigin skref í þá átt að bæta nettengingar starfsstaða, netvæða kennslurými og bæta aðgengi skóla að skýjalausnum. Þá var stutt við innleiðingu rafrænna könnunarprófa sem nemendur í 4. og 7. bekk þreyttu í fyrsta skipti haustið 2016.

MIXTÚRA

Helstu verkefni margmiðlunarversins fólust í því að skipuleggja námskeið fyrir kennara og nemendur, standa fyrir kvikmyndahátíðum og framleiða margs konar stuttmyndir. Þá var á árinu sett upp ný vefsíða www.mixtura.is og Facebook-síða.

Taka 2016 – kvikmyndahátíð grunnskólanna var haldin í Bíó Paradís á vormisseri og kepptu 90 myndir til úrslita. 400 börn og unglingar tóku þátt í hátíðinni.

Kvikmyndahátíðin *Augað* var haldin samtímis í Sambíói og Laugarásbíói og unnu nemendur 52 stuttmyndir fyrir hana. Sýndar voru stiklur úr þeim öllum á hátíðinni en 6 myndir voru sýndar í heild sinni. Tæplega 400 börn sóttu hátíðina.

Framleidd voru átta myndbönd um daggæslu í heima-húsum í samstarfi við Velferðarsvið og ýmis kennslumynd-

bönd voru gerð fyrir skóla- og frístundasvið. Þá sá verkefnastjóri Mixtúru um verkstjórn á námskeiðinu *Stelpur filma*, sem miðar að því að efla hlut stúlkna og kvenna í kvikmyndagerð.

Alls sóttu 400 kennarar námskeið á vegum Mixtúru á árinu, auk þess sem sértæk námskeið voru haldin fyrir starfsfólk á ýmsum starfsstöðum og aðstoð veitt inni í kennslustofum.

MENNINGARFÁNI

Menningarfáninn, viðurkenning fyrir framúrskarandi menningarstarf með börnum og unglingum, kom í hlut kom í hlut Gullborgar, Sæborgar og Ingunnarskóla.

Í **Gullborg** hefur verið unnið með börnunum að kvikmynda-gerð með öllu sem því fylgir – handritsgerð, búningagerð, klippingum og sýningahaldi. Þá hafa listamenn verið fengnir til samstarfs til að styðja við og lyfta upp listastarfinu.

Í **Sæborg** gegna börnin lykilhlutverki sem skaparar, neytendur og þátttakendur í listastarfi jafnt utan sem innan leikskólans. Þar er hefð fyrir sterku samstarfi við menningarstofnanir og starfsmenn og listamenn úr öllum greinum vinna með börnunum.



Handhafar menningarfánans ásamt Degi B. Eggertssyni borgarstjóra, Skúla Þór Helgasyni, formanni skóla- og frístundaráðs, og Elsu Yeoman, formanni menningar- og ferðamálaráðs.

Í **Ingunnarskóla** hafa listir gegnt veigamiklu hlutverki og þar er framlagi nemenda og starfsmanna í sköpun gefið rými. Í skólanum er lögð rík áhersla á breiða flóru listgreina til að auðga starfið og víkka sjóndeildarhringinn.

Markmiðið **Menningarfánans** er m.a. að auka þátt menningar og lista í námi og leik barna og unglinga og að framlag þeirra til menningar og lista verði metið að verðleikum.

JAFNRÉTTISSKÓLINN

Jafnréttisskólinn bauð upp á fjóra fyrirlestra á árinu fyrir starfsfólk á starfsstöðum SFS og fyrir nemendur í 8., 9. og 10. bekk.

- Jafnrétti í starfi með börnum, af hverju skiptir það máli?
- Líkamsvirðing og útlitsdýrkun
- Kynlífsmenning ungmenna/áhrif kynlífs- og klámvæðingar
- Jafnrétti í íþróttum.

Rúmlega 60 fyrirlestrar voru haldnir á árinu, ýmist fyrir nemendur eða starfsfólk leik- og grunnskóla og frístundamiðstöðva. Jafnréttisskólinn var einnig með námskeiðin **Háværir strákar og sætar stelpur** og **Kynfræðsla þarf ekki að vera vandræðaleg** í haustsmiðjum grunnskólakennara.

Jafnréttisskólinn hélt utan um hóp nemenda á unglingastigi sem áhuga hafa á jafnréttismálum. Þátttakendur áttu samskipti á lokaðri facebook-síðu og hittust reglulega í Borgartúni til að spjalla saman, skiptast á skoðunum, veita hver öðrum stuðning og læra um jafnréttismál.

Jafnréttisskólinn tók þátt í og styrkti verkefnið **Stelpur filma**, fjármagnaði þýðingu og talsetningu á teiknimyndinni **Rósalín** og samdi við Andreu Marel og Kára Sigurðsson um að fara með fræðsluna **Ég er mikilvægari en þú!** í öll hverfi borgarinnar.

Jafnréttisskólinn útbjó staðalmyndaverkefni sem sent var í alla 8. bekki í Reykjavík. Verkefnastýra skólans fór einnig með sérsniðna fræðslu og sem stuðningur inn í bekki þar sem óskað var eftir aðstoð vegna erfiðra samskipta kynja, ljóts orðbragðs og/eða vísbendinga um mikil áhrif klámvæðingar á ákveðna hópa.

Á árinu 2016 hófst vinna við undirbúning ráðstefnunnar Youteq 2017 sem haldin verður í Kalmar í Svíþjóð í október 2017. Jafnréttisskólinn er fulltrúi Íslands í undirbúningshópi ráðstefnunnar.

ÚTINÁM OG SJÁLFBÆRNI

Haustið 2016 var komið á fót þekkingarstöð í Gufunesbæ í útivist, útinámi og sjálfbærni og var starfsemi Náttúru-skólans sett undir hana. Hlutverk þekkingarstöðvarinnar er að efla og styrkja þekkingu starfsfólks í skóla- og frístundastarfi borgarinnar á þessu sviði og er starfsemin í formi ráðgjafar og stuðnings, kortlagningar á starfi tengdu útinámi og sjálfbærni á vegum starfsstaða SFS, auk þess að standa fyrir námskeiðum og kynningum.



Fullorðinsfræðsla

Hjá Námsflokkum Reykjavíkur stunduðu 114 manns nám á árinu, auk þess sem fjölmargir aðrir leituðu sér náms- og starfsráðgjafar í alls 600 viðtölum. Starfsmenn voru 5 en 16 kennarar störfuðu sem verktakar. Markmið starfseminni var sem fyrr að veita einstaklingum tækifæri til að bæta við menntun sína, jafnt almenna sem sértæka, og styrkja félagslega stöðu með aukinni menntun.

Á árinu 2016 gekk ungmennaverkefnið *Námskraftur* vel og útskrifuðust samtals fjórir hópar, en ekki náðist nægur fjöldi í hópa í *Starfskrafti*. Tvær *Kvennasmíðjur* og ein *Karlasmiðja* voru að störfum og var aukin áhersla lögð á starfsþjálfun á lokaönn hópanna. Talsverð vinna var lögð í

erlend samskipti á starfsárinu, og heldur sú vinna áfram. Meðal annars var Námsflokkunum boðið að taka þátt í Erasmus-verkefni um fjármálalæsi og Nordplus-verkefni um sjálfsefningu í gegnum list- og verkgreinar.

Starfsmenn og starfsþróun

Stofnanir skóla- og frístundasviðs skoruðu á árinu hátt í starfsmannakönnuninni *Stofnun ársins* sem gerð var af Starfsmannafélagi Reykjavíkurborgar, VR og SFR. Samkvæmt henni var frístundamiðstöðin *Kampur* í fyrsta sæti sem stofnun ársins í flokki stærri stofnana, en hún lenti í fjórða sæti í sambærilegri könnun á árinu 2015. Í öðru sæti var frístundamiðstöðin *Frostaskjól* og því þriðja *Norðlingaskóli*. Í fjórða sæti var frístundamiðstöðin *Miðberg* í *Breiðholti*. Allar fengu þessir starfsstaðir viðurkenningu sem fyrirmyndarstofnanir.

HÆFIR OG ÁHUGASAMIR STARFSMENN

Fjöldmörg námskeið, málþing, ráðstefnur og starfsdagar eru haldnir á hverju ári á skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar. Ýmsir viðburðir eru fastir í sessi og árlegir. Dæmi um það er *Öskudagsráðstefna* grunnskólakennara og skólastjórnenda og *Stóri leikskóladagurinn* þar sem leikskólar kynna metnaðarfullt fagstarf. Námskeiðsdagur með dagforeldrum er einnig árlegur viðburður og *Haustsmíðjur* kennara þar sem margar smíðjur eru í boði sem tengjast áhersluþáttum grunnskólans hverju sinni. *Höfuð í bleyti* er haldið á hverju vori þar sem starfsfólk í frístundastarfi kemur saman og kynnis ýmis áhugaverð þróunarverkefni sem hafa verið í gangi yfir veturinn. Þar að auki eru sameiginlegir starfsdagar haldnir í hverfum borgarinnar þar sem ýmis erindi og smíðjur eru í boði fyrir starfsfólk. Um er að ræða svokallaða fléttudaga, t.d. *Vesturbæjarfléttuna*, *Miðbæjarfléttuna* o.s.frv. Þá voru fjöldmörg námskeið í boði sem starfsstaðir gátu fengið til sín og voru vel sótt. Viðfangsefnin voru fjöldmörg; fræðsla um einelti, orkustjórnun, starfsánægju, foreldrasamstarf, fjölmenningu í leikskóla, heilbrigði og velferð, útinám, jafnréttisstarf í leikskólum, mál og læsi leikskólabarna, skráningar og mat og sköpun og menningu.

ÁRANGURSRÍKIR STJÓRNUNARHÆTTIR

Stjórnendafræðslan var með sama sniði og undanfarin ár, þ.e. boðið var upp á ýmis námskeið fyrir sérhvern stjórnenda-hóp sem tók mið af þörfum og óskum hvers um sig. Þá voru

einnig fjöldmörg námskeið í boði þvert á stjórnendahópa sviðsins og hefur þeim fjölgað, enda hefur verið almenn ánægja með þau og mikilvægt að miðla þekkingu á milli faghópa. Á árinu var lögð áhersla á innleiðingu viðverustefnu Reykjavíkurborgar með námskeiðum en einnig áttu mannauðsráðgjafar fundi með stjórnendum þar sem veikindafjarvistir voru rýndar og sett var fram áætlun um úrbætur. Þá var nýtt mannauðskerfi, SAP, innleitt hjá borginni sem fól í sér fjöldmörg námskeið og ráðgjöf fyrir stjórnendur. *Leiðtogaskóli* var haldinn fyrir stjórnendur í leikskólum og frístundastarfi sem er nokkuð yfirgripsmikil leiðtogaþjálfun sem hefur verið í boði frá stofnun sviðsins 2011. 8 vikna núvitundarnámskeið var einnig í boði á árinu fyrir stjórnendur á sviðinu.

HVETJANDI OG JÁKVÆTT STARFSUMHVERFI

Viðhorfskannanir hafa verið nýttar til þess að rýna stöðu mannauðsmála á starfsstöðum SFS og stjórnendur unnið að leiðum til úrbóta. Þá hefur heildarmat á skóla- og frístundastarfi gefið gagnlegar upplýsingar um stöðu mannauðsmála og hafa þeir starfsstaðir sem fara í heildarmat heildarmat unnið umbótaáætlanir sem fylgt er eftir.

NÝR MANNAUÐSSTJÓRI

Valgerður Janusdóttir mannauðsstjóri sviðsins lét af störfum á árinu. Við starfi hennar tók Ragnheiður E. Stefánsdóttir sem áður starfaði sem mannauðsráðgjafi á sviðinu.

Rannsóknir og kannanir

GAMAN AÐ LÆRA

Niðurstöður úr könnun *Skólapúls* á virkni, líðan og skóla- og bekkjaranda hjá nemendum í 6.-10. bekk sýndi fram á jákvæð viðhorf þorra nemanda til náms og trú á eigin námsgetu. Þá sýndi könnunin að nemendur í Reykjavík voru efstir í mælingum *Skólapúlsins* í neyslu á hollum mat samanborið við önnur sveitarfélög. 2.300 nemendur í 32 grunnskólum tóku þátt í könnun *Skólapúls* sem m.a. er nýtt í ytra mati á skólastarfi og stuðningi við skóla í málum sem snúa að líðan nemenda.

STÆRÐFRÆÐISKIMUN

Stærðfræðiskimunin *Talnalykill* var gerð meðal barna í 3. bekk í nóvember. 73% nemenda náðu settu viðmiði í þrepi I og teljast því ólíklegir til að þurfa á sérstökum stuðningi í stærðfræði að halda. Hlutfallið er lægra nú en árið 2015 en sambærilegt við niðurstöður 2014. Um 18% nemenda náðu settu viðmiði í þrepi II og teljast því ekki heldur í mikilli áhættu hvað varðar námsörðugleika í stærðfræði. Um 9% nemenda fóru í gegnum öll þrjú þrepin en það er lægsta hlutfallið í sögu skimunarinnar.

Af þeim 9% sem fóru í gegnum öll þrjú þrepin var tæpur helmingur sem náði settu viðmiði í þrepi III. Á endanum þurfa 5,4% stúlkna stuðning í stærðfræði og 5,1% drengja. Tæp 95% nemenda í 3. bekk haustið 2016 teljast því samkvæmt niðurstöðum ólíkleg til að þurfa sérstakan stuðning í stærðfræði. Markmið skimunarinnar er að finna þá einstaklinga sem þurfa á sérstökum stuðningi að halda í stærðfræðinámi.

LÆSISSKIMANIR

Lesskimun meðal barna í 2. bekk grunnskólanna sýndi að 66% nemenda gátu lesið sér til gagns. Hlutfall þeirra sem lásu sér til gagns hækkaði um 2% milli ára, en var þó svipað og árin á undan. Hlutfall stúlkna sem gátu lesið sér til gagns var 68% en drengja 65%.

Fylgni var sem fyrr á milli jákvæðara viðhorfs til lesturs og betri árangurs í lesskimun og höfðu stúlkurnar jákvæðari viðhorf til lesturs en drengirnir.

Markmiðið með skimuninni er að finna þá nemendur sem þurfa sérstakan stuðning eða sérkennslu í lestri og er hvati til að leita fjölbreyttra leiða í kennslu.

PISA

Reykvískir nemendur voru ofar meðaltalinu í landinu í læsi á náttúrufræði samkvæmt PISA-könnun með 476 stig en meðaltal Íslands var 473 stig. Niðurstöðurnar voru gerðar opinberar í lok ársins. 5,4% nemenda í Reykjavík voru á tveimur efstu hæfnisþrepunum á mótí 4,3% á landinu öllu. Sé litið til hæfnisþrepa í stærðfræði eru 15% nemenda í Reykjavík á tveimur efstu hæfnisþrepum á mótí 10% á landinu öllu og 10% í OECD.

9,4% nemenda var á tveimur efstu hæfnisþrepum í lesskilningi, samanborið við 6,8% á landinu öllu og 8,1% í OECD.

Niðurstöður PISA sýndu því nánast óbreytta stöðu reykvískra nemenda frá árinu 2012 og sem fyrr gott gengi nemenda á efstu hæfnisþrepum.



Ráðstefnur og málþing

ÖSKUDAGSRÁÐSTEFNA

Rödd nemandans var yfirskrift hinnar árlegu öskudagsráðstefnu og sátu hana um 600 grunnskólakennarar. Aðalfyrirlesari var Rekha Bhakoo, skólastjóri Newton Farm skólans í Lundúnum, og fjallaði hún um nemendamiðað skólastarf og hvernig ákvæði Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna eru fléttuð inn í allt skólastarf í hennar skóla.

Fimm málstofur voru í boði á ráðstefnunni. Í þeirri fjölmennustu fjallaði Andri Snær Magnason rithöfundur um þörfina fyrir öðruvísi menntun í ljósi umhverfismála og alþjóðavæðingar. Þá var í málstofum fjallað um Biophilia-verkefnið og tónvísindasmiðjur, um reynslu af nemendamiðuðu skólastarfi í Norðlingaskóla, samvinnunám og upplýsingatækni í skólastarfi. Þá var yfirskrift einnar málstofu *Hvernig vitum við hug þeirra?* þar sem sagt var frá tilraunaverkefni um aukið nemendalyðræði, s.s. með stórfundum unglunga, til að auka aðkomu nemenda að skipulagi skólastarfsins. Þar sögðu tveir fulltrúar úr Reykjavíkurráði ungmenna frá hugmyndum sínum um hvernig nemendur geta mótað og haft áhrif á skólastarfið. Á ráðstefnunni voru jafnframt afhent hvatningarverðlaun skóla- og frístundaráðs fyrir framsækið skólastarf.

LEIKUR TIL AÐ GEFA BÖRNUM RÖDD

Vel á sjöunda hundrað starfsmenn leikskóla borgarinnar sóttu ráðstefnuna *Gerðu og ég sé – segðu og ég heyri* sem haldin var í febrúar. Þar var leitað svara við spurningunni; Hvernig nýtum við leikinn til að gefa öllum börnum rödd? Meðal fyrirlesara um leikskóla án aðgreiningar var dr. Hrönn Pálmadóttir, lektor við HÍ, og Fríða Bjarney Jónsdóttir, verkefnastjóri fjölmenningar hjá skóla- og frístundasviði. Þetta er fjölsóttasta ráðstefna sem haldin hefur verið fyrir starfsfólk leikskólanna til þessa.



Rekha Bhakoo skólastjóri Newton Farm skólans í Lundúnum var aðalfyrirlesari á Öskudagsráðstefnunni.



Helgi Grímsson sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs og Sindri Smárason fulltrúi ungmennaráðs Árbæjar og Holta draga saman efni Öskudagsráðstefnunnar þar sem nemendamiðað skólastarf var í brennidepli.



Öskupokur hengu á ráðstefnugestum á stærstu fagstefnu grunnskólakennara á landinu.

Verðlaun og styrkir

BARNABÓKAVERÐLAUN

Fyrirkomulagi Barnabókaverðlaunanna var breytt á árinu en þau voru sameinuð íslensku myndskreytverðlaununum *Dimmalimm*.

Breytingin fól í sér að tilnefnt var í þremur flokkum til verðlaunanna; fyrir bestu frumsömu barnabókina, bestu þýðingu á barnabók og bestu myndskreytingu. Þá var tekið upp sá háttur að hafa sérstaka tilnefningarathöfn þar sem fimm bækur í hverjum flokki voru tilnefndar. Athöfnin fór fram í Gerðubergi í mars, en þá stóð þar yfir sýning á myndskreytingum úr íslenskum barnabókum.

Sjálf verðlaunin voru svo hefðinni samkvæmt afhent síðasta vetrardag í Höfða. Þá veittu þrjár ungar listakonur viðtöku þessum virðulegu barnabókaverðlaunum; Ragnhildur Hólmgeirsdóttir fyrir bestu frumsömu barnabókina, *Koparborgina*, sem jafnframt er hennar fyrsta skáldsaga, Salka Guðmundsdóttir fyrir þýðingu sína á *Skuggahliðinni og Villtu hliðinni* eftir Sally Green og Linda Ólafsdóttir fyrir myndskreytingar sínar í bókinni *Ugla og Fóa og maðurinn sem fór í hundana* eftir Ólaf Hauk Símonarson.

Við verðlaunaafhendinguna í Höfða í sungu nemendur í Tónlistarskólanum í Reykjavík lög úr óperunni Hlína Kóngssyni og sigurvegarar úr *Stóru upplestrarkeppninni* lásu upp úr verðlaunabókunum.

Valnefnd var skipuð Brynhildi Björnsdóttur formanni, Jónu Björgu Sætran borgarfulltrúa, Gunnari Birni Melsted grunnskólakennara, Davíð Stefánssyni rithöfund og Kristínu Arngrímsdóttur myndlistarkonu og rithöfund. Umsjón með verðlaunum skiptist nú að jöfnu milli skóla- og frístunda- sviðs og menningar- og ferðamálasviðs.

HVATNINGARVERÐLAUN

Viðurkenningar skóla- og frístundaráðs fyrir framsækið skóla- og frístundastarf voru afhentar í þrennu lagi á helstu fagstefnum þeirra stétta sem hlut eiga að máli.

Hvatningarverðlaun vegna nýbreytni í leikskólastarfi voru afhent á stærstu fagstefnu leikskólastarfsfólksins, *Stóra leikskóladeginum*.



Handhafar Barnabókaverðlauna Reykjavíkur 2016; Salka Guðmundsdóttir, Ragnhildur Hólmgeirsdóttir og Linda Ólafsdóttir, ásamt Brynhildi Björnsdóttur, formanni dómnefndar, og Degi B. Eggertssyni borgarstjóra.

Verðlaunahafar voru

- Leikskólinn Laufskálar hlaut verðlaun fyrir leiklistaverkefnið **Ég get, sjáðu mig.**
- Leikskólinn Miðborg hlaut verðlaun fyrir verkefnið **Námskeið fyrir Pólska foreldra.**
- Leikskólinn Sólborg hlaut verðlaun fyrir verkefnið **Ráðgjafarskóli vegna heyrnarlausra og heyrnar-skertra barna.**
- **Fríða Bjarney Jónsdóttir** hlaut verðlaun fyrir áralangan stuðning við málörvun og læsi fjöltyngdra barna í leikskólum

Verðlaunagripirnir voru útskornir fuglar eftir Ingibjörgu H. Ágústsdóttir listakonu í Stykkishólmi.

Einnig fengu viðurkenningu;

- Leikskólarnir Blásalir, Heiðarborg, Rauðaborg og Seláskóli fékk viðurkenningu fyrir verkefnið **Heimahagar.**
- Leikskólarnir Bakkaborg, Borg og Breiðholtsskóli fékk viðurkenningu fyrir verkefnið **Sumarskóli elstu barna í Bakkahverfi.**
- Forvarnarteymi Vesturbæjar í samstarfi við Leikskóla í Vesturbæ fékk viðurkenningu fyrir samstarfsverkefnið **Eineltisáætlun leikskóla Vesturbæjar.**

Hvatningarverðlaun fyrir framsækið fagstarf í grunnskólum voru veitt á Öskudagsráðstefnunni í febrúar og komu í hlut Hagaskóla, Klébergsskóla og Rimaskóla. Þá fengu Breiðholtsskóli, Laugarnesskóli og Vogaskóli sérstaka viðurkenningu.

- Hagaskóli fékk verðlaun fyrir verkefnið **Barnasögur í leikskóla** en í því vinna nemendur í 10. bekk að því að semja og myndskreyta barnasögur fyrir leikskólabörn.
- Klébergsskóli hlaut verðlaun fyrir verkefnið **Nýtt námsmat** í anda nýrrar aðalnámskrár. Þrír kennarar við skólann þróuðu námsmatið og færðu það úr tölum yfir í matskvarða í orðum og með táknum rauður, gulur, grænn.
- Rimaskóli fékk verðlaun fyrir verkefnið **Leið þín um lífið**, valáfanga fyrir nemendur í 8. – 10. bekk sem Anna Kristín Jörundsdóttir lífsleiknikennari setti saman.
- Lestrarverkefnið **Viltu verða drekameistari?** í Laugarnesskóla fékk sérstaka viðurkenningu svo og mynd-

menntaverkefnið **Endurvinnsla og sköpun í Vogaskóla** og samstarf Breiðholtsskóla og leikskólanna Borgar og Bakkaborgar um **Fjölmenningshátíð í Neðra Breiðholti.**

- Hvatningarverðlaun fyrir framsækið frístundastarf voru afhent á árlegri fagráðstefnu starfsfólks frístundamiðstöðvanna í apríl, **Höfuð í bleyti.**
- Frístundamiðstöðin Miðberg fékk verðlaun fyrir verkefnið **Tómstundamentun** sem miðar að því að gera unglingum í Breiðholti grein fyrir því hvernig þeir geta notað frítímann betur.
- Frístundaheimilið Neðstaland við Fossvogsskóla fékk verðlaun fyrir leiklistarstarf, en síðastliðin 6 ár hefur leiklist og önnur sviðslist verið fastur liður í fagstarfinu með börnum í 3. og 4. bekk.
- Frístundamiðstöðin Kampur fékk verðlaun fyrir verkefnið **Eitthvað illt á leiðinni er**, ritsmiðjur sem leiddu til útgáfu samnefndrar bókar vorið 2015. Börnin skrifuðu sínar eigin draugasögur og birtust 19 þeirra í bókinni. Þær voru myndskreyttar af mörgum færustu myndskreytum landsins og mikið lagt í hönnun og útlit.
- Hafsteinn Vilhelmsson, starfsmaður í frístundamiðstöðinni Miðbergi, fékk sérstaka viðurkenningu fyrir mikilvægt framlag í starfi kvikmyndaklúbba fyrir 3. – 4. bekk í frístundaheimilum, hæfileikakeppnina **Breiðholt got talent** og tækni- þannig að standi tækni- og tækjadeild Miðbergs.

NEMENDAVERÐLAUN

32 grunnskólanemendur sem þóttu hafa skarað fram úr námi, félagsfærni og á öðrum sviðum skólstarfs tóku við nemendaverðlaunum skóla- og frístundaráðs í maí. Handhafar verðlaunanna voru úr 4. – 10. bekk og voru skólafélögum sínum fyrirmyndir á ýmsum sviðum, s.s. í íþróttum, listum, samskiptahæfni, nýsköpun og tæknimennt.

Allir verðlaunahafar fengu bók og viðurkenningarskjal, bókina **Koparborgin** eftir Ragnhildi Hólmgeldsdóttur sem hlaut barnabókaverðlaun skóla- og frístundaráðs sem besta frumsamda íslenska bókina á árinu 2015 og yngri verðlaunahafar fengu bókina **Ugla og Fóa og maðurinn sem fór í hundana** eftir Ólaf Hauk Símonarson en Linda Ólafsdóttir fékk barnabókaverðlaunin fyrir myndskreytingar sínar í bókinni.

Við athöfnina í Vættaskóla léku nemendur á hljóðfæri, m.a. Eurovisionlög á píanó fiðlu og trommur.

HANDHAFAR NEMENÐAVERÐLAUNA 2016

Ingimundur Bergmann Sigfússon 10. bekk Austurbæjarskóla
Berglind Björnsdóttir 10. bekk Árbæjarskóla
Kári Freyr Kristinsson 7. bekk Ártúnsskóla
Kristófer Karl Guðnason 9. bekk Breiðholtsskóla
Mikael Trausti Viðarsson 5. bekk Dalskóla
Mary Jemrio Soriano Malana 10. bekk Fellaskóla
Auðun Bergsson 8. bekk Foldaskóla
Brynhildur Hjaltested 7. bekk í Fossvogsskóla
Tómas Viðar Árnason 10. bekk í Hagaskóla
Sóley Nótt Jerzysdóttir 7. bekk í Hamraskóla
Benedikt Aron Sigurbórsson 10. bekk í Háaleitisskóla
Einar Þorri Arnarson 10. bekk í Hlíðaskóla
Ísak Richardshann 10. bekk í Hólabrekkuskóla
Stefanía Tera Hansen 6. bekk í Húsaskóla
Katla Björg Jónsdóttir 10. bekk í Kelduskóla
Jóhann Stigur Eiríksson 10. bekk í Klettaskóla
Jóhanna Líf Sigbórsdóttir 10. bekk í Klébergsskóla
Finnur Kaldi Jökulsson 10. bekk Landakotsskóla
Þorgíls Máni Jónsson 10. bekk Laugalækjarskóla
Hlynur Þórhallsson 5. bekk Laugarnesskóla
Vigdís Selma Sverrisdóttir 7. bekk Melaskóla
Guðjón Ingi Rúnarsson 10. bekk Norðlingaskóla
Alexandra Naomi Ástudóttir 5. bekk Reykjavík International School
Sædis Ósk Gunnlaugsdóttir 10. bekk Rimaskóla
Anna Kolbrún Ólafsdóttir 7. bekk Selásskóla
Sóley Halldórsdóttir 10. bekk Seljaskóla
Dharma Elísabet Tómasdóttir 4. bekk í Skóla Ísaks Jónssonar
Rannveig Klara Guðmundsdóttir 10. bekk Sæmundarskóla
Jens Arinbjörn Jónsson 10. bekk Tjarnarskóla
Lovísa Halldórsdóttir 9. bekk Vogaskóla
Kristján Gylfi Þórisson 10. bekk Vættaskóla
Elínborg Una Einarsdóttir 9. bekk Ölduselsskóla


ÍSLENSKUPERÐLAUN

Hátt í sextíu grunnskólanemendur tóku við Íslenskuverðlaunum unga fólksins í bókmenntaborginni Reykjavík á degi íslenskrar tungu 16. nóvember. Verndari verðlaunanna, frú Vigdís Finnbogadóttir fyrrverandi forseti, afhenti verðlaunin við hátíðlega athöfn í Norðurljósasal Hörpu.

Meðal verðlaunahafa voru lestrarhestar, ljóðskáld, ræðusnillingar og nemendur sem sýnt hafa miklar framfarir í íslenskunámi, en allir grunnskólar í borginni tilnefna nemendur eða nemendahópa á hverju skólastigi. Við athöfnina flutti frú Vigdís Finnbogadóttir ávarp og nemendur úr Ingunnarskóla og Hamraskóla sungu.

Íslenskuverðlaunin voru að þessu sinni í formi verðlaunaskjals og bókagjafar. Þá var verðlaunahöfum boðið til mót-töku í Gunnarshúsi, aðsetri Rithöfundasambands Íslands, til fundar við höfunda barna- og unglingabóka.

Íslenskuverðlauninum er ætlað að auka áhuga grunnskólanna í Reykjavík á íslenskrari tungu og hvetja þá til framfara í tjáningu í töluðu og rituðu máli. Alls hafa um 600 reykvísk börn fengið þessi verðlaunin frá upphafi.



Verndari Íslenskuverðlaunanna, frú Vigdís Finnbogadóttir fyrrverandi forseti, afhenti þau við hátíðlega athöfn í Norðurljósasal Hörpu.

STYRKIR

Í upphafi ársins samþykkti skóla- og frístundaráð styrkveitingar til fjölmargra verkefna sem stuðla að nýbreytni, fagmennsku og auknu samstarfi í skóla- og frístundastarfi. Alls barst 81 umsókn um styrk til þróunarstarfs og var úthlutað til 38 verkefna.

Tæplega fimm milljónum króna var úthlutað til þróunarverkefna í frístundastarfi, um 6 milljónum til grunnskólastarfs og tæplega þremur milljónum kr. til leikskólustarfs. Þá hlutu samstarfsverkefni þvert á skólastig og frístundastarf fimm og hálf milljón króna í styrki.

Hæsti styrkurinn til frístundastarfs, eða 450.000 kr., kom í hlut verkefnisins *Klárir krakkar* í frístundaheimilinu Eldflauginni við Hlíðaskóla, en það miðar að því styðja við börn sem glíma við kvíða. Samstarfsverkefni allra grunnskóla í Breiðholti fékk hæsta styrkinn, eða 1,5 milljón króna, en skólarnir ætla að vinna að því að veita nemendum á miðstigi tækifæri til að takast á við ögrandi verkefni í námi, vísindum og listum.

Leikskólinn Laufskálar sem hefur sérhæft sig í leiklist fékk hæsta þróunarstyrkinn til leikskólustarfs eða 900.000 kr. til að þróa tjáningu og sviðslistir barna í skapandi starfi.

Lestrarverkefnið *Já, það er gott að lesa* fékk hæsta samstarfsstyrkinn þvert á skólastig eða 2,4 milljónir króna en að verkefninu standa leikskólar, grunnskólar og frístundaheimili í Grafarholti og Úlfarsárdal svo og þjónustumiðstöð hverfisins.

Við úthlutun þróunarstyrkja var lítið til sex áherslupátta

- Málproska, læsis og lesskilnings
- Verk-, tækni- og listnáms
- Lýðræðis, jafnréttis, mannréttinda
- Náttúru, vísinda og sjálfbærni
- Fjölmenningar
- Gæði og fagmennsku

Alls bárust 34 umsóknir um almenna styrki en úthlutað var þremur milljónum króna til 12 verkefna. Hæsta almenna styrkinn eða 500.000 kr. hlaut Ingibjörg E. Jónsdóttir vegna verkefnisins *Nýtum tæknina og blómstrum saman* og er ætlað er að styðja við upplýsingatækni í leikskólum. Tvö verkefni fengu styrk að upphæð kr. 300.000, samtökin *Móðurmál* sem sinnir móðurmálskennslu tví- og margtyngdra barna og *Pörupiltar* sem veita nemendum í 10. bekk kynfræðslu.



Viðburðir

BARNAMENNINGARHÁTÍÐ

Barnamenningarhátíð fór fram í sjötta sinn í apríl með virkri þátttöku barnanna í borginni. Margbreytileikanum í barnahópnum var fagnað sérstaklega á hátíðinni og var opnunarahátíðin 19. apríl í Eldborgarsal Hörpu tileinkuð því viðfangsefni. Nemendur í 4. bekk grunnskólanna í borginni fluttu lagið *Litríkir sokkar og vettlingar* með hljómsveitinni *Pollapönk*. Elstu leikskólabörnin í borginni tóku einnig þátt í skemmtilegri dagskrá í Eldborgarsalnum í Hörpu á opnunardaginn þar sem flutt voru barnalög eftir Hildigrunni Rúnarsdóttur tónskáld undir fyrirsögninni *Hú hæ vindur þýtur*.

Á hátíðinni var boðið upp á yfir 150 viðburði fyrir börn og með börnum á öllum aldri í öllum hverfum, í leikskólum, grunnskólum, frístundamiðstöðvum, menningarstofnunum, í opnu rými og í Ráðhúsinu þar sem njóta mátti þess frjóa sköpunarstarfs sem fram fer meðal barna og ungmenna í borginni. Þar fór saman tónlistarflutningur, dans, myndlistarsýningar og gjörningalist af ýmsum toga þar sem börnin voru í aðalhlutverki og settu lit á borgarlífið. Barnamenningarhátíð rann inn í hátíðarhöld vegna sumardagsins fyrsta sem fagnað var í öllum hverfum með skipulagðri dagskrá af hálfu allra frístundamiðstöðvanna.

TAKA 2016

70 myndir kepptu til verðlauna á stuttmyndakeppni grunnskólanna sem haldin í Bíó Paradís í maí. Veitt voru verðlaun til yngri og eldri nemenda í flokki stuttmynda, hreyfi-

mynda, heimildamynda og tónlistarmynda. Mikil gróska er í kvikmyndagerð grunnskólanemenda þar sem myndverid Mixtúra veitir kennurum og nemendum stuðning og ráðgjöf.

AUGAÐ

Sex grunnskólar tóku þátt í stuttmyndahátíðinni *Auganu* í mars, en myndirnar sem þar voru sýndar voru afrakstur úr verkefnavinnu 9. bekkinga þar sem nemendur sömdu kvikmyndahandrit og fengu kennslu í tókum og klippingu. Alls voru sýndar 43 stuttmyndir á hátíðinni sem fram fór í Laugarásbíói og Sambíói Álfabakka. Nemendur úr tveimur hverfum tóku þátt í hátíðinni, Breiðholti og Laugardal/Háaleiti.

FILMAN

Frístundamiðstöðin Miðberg stóð líka fyrir árlegri kvikmyndahátíð, Filmunni, í samstarfi við Sambíóin og Barnamenningarhátíð. Þar voru sýndar þrjár myndir eftir börn á frístundaheimilunum Bakkaseli, Regnboganum og Hraunheimum. Allar fengu þær viðurkenningu á hátíðinni.

STELPUR TIL FRAMTÍÐAR

Ungmennaráð Vesturbæjar stóð fyrir fjölsóttu málþingi *Stelpur til framtíðar* í Ráðhúsinu í apríl. Hátt í tvö hundruð unglingar á aldrinum 13-16 ára hlýddu á ávörp og ræddu saman um aðgerðir í jafnréttismálum. Meðal fyrirlesarar á málþinginu var frú Vigdís Finnbogadóttir, fyrrverandi forseti, Svandís Svavarsdóttir þingkona, Elín Jóhannsdóttir lögreglu- maður og Saga Garðarsdóttir leikkona.



Frá málþinginu *Stelpur til framtíðar*.

Fjármál

Heildarkostnaður sviðsins á árinu 2016 var 42,2 milljarðar króna en á árinu 2015 var kostnaður 40,4 milljarðar og jókst hann því um 1,8 milljarð króna eða 4,5% á milli ára.

Í upphafi árs var sett fram hagræðingarkrafa á skóla- og frístundasvið að upphæð 670 milljónir króna. Leiðarljós við útfærslu hagræðingar á skóla- og frístundasviði var að draga úr miðlægum útgjöldum, þar með talið stjórnunarkostnaði. Lögð er áhersla á að draga úr húsnæðiskostnaði, m.a. með auknu samstarfi grunnskóla og frístundamiðstöðva, kostnaði vegna fjarvista starfsfólks og lækka rekstrarkostnað mótuneyta, einkum með víðtækari útboðum til að tryggja hagstæðara innkaupsverð. Þá var unnið að tillögum um breyttar starfsaðferðir í sérkennslu og stuðningi í leikskólum hjá börnum með vægari raskanir.

Unnið var að því að því að endurskoða úthlutunarlíkon til leikskóla, grunnskóla og til frístundastarfs.

ADGERÐAÁÆTLUN Í SKÓLAMÁLUM HAUSTIÐ 2016

- **Sérkennsla, langtímaveikindi starfsmanna og skólaakstur**
Leikskólar og grunnskólar fengu fjármagn vegna langtímaveikinda starfsmanna, sérkennslu og skólaaksturs. Alls var um að ræða um 679 m.kr. haustið 2016.
- **Meira fé til hráefniskaupa vegna skólamáltíða**
Fæðisgjald var hækkað í leik- og grunnskólum um 100 kr./dag frá 1. október. Þeir fjármunir skyldu fara óskiptir í hráefnisinnkaup til að bæta gæði máltíða.

- **Framlög til kaupa á námsgögnum í leikskólum hækkuðu**
Framlög til kaupa á námsgögnum til skapandi starfs í leikskólum hækkuðu úr 1.800 kr. á barn í 3.000 kr.
- **Efling faglegs starfs í leikskólum**
Meira fjármagni, alls 24,8 m.kr., var á haustmánuðum úthlutað til faglegs starfs í leikskólum með viðbótarframlögum til undirbúningsstarfa fagfólks sem og ófaglærðra starfsmanna.
- **Efling faglegs starfs í grunnskólum**
Auknu fjármagni eða 60 m.kr. var veitt til faglegrar stjórnunar í grunnskólum á haustmánuðum.
- **Inntaka barna fæddra í mars og apríl 2015**
Opnað var fyrir inntöku barna sem fædd voru í mars og apríl 2015 á leikskóla borgarinnar frá og með áramótunum.
- **Endurskoðun úthlutunarlíkana leik- og grunnskóla og frístundamiðstöðvar**
Unnið var að því að gera ný úthlutunarlíkön fyrir leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðvar sem byggð voru á fyrirliggjandi gögnum og fjárhagsgreiningu á rekstrinum. Stefnt er að því að þau taki gildi skólaárið 2017-18.
- **Meðferð á halla frá 2015**
Leik- og grunnskólar þurftu ekki að mæta halla vegna 2015 á árinu 2016. Staða einstakra starfsstaða var metin í ljósi ábendinga stjórnenda um óviðráðanleg ytri skilyrði.
- **Hækkun framlaga vegna kjarasamningbundinna launahækkana**
Við undirbúning fjárhagsáætlunar fyrir árið 2017 var

gert ráð fyrir að fjárveitingar til skóla- og frístundasviðs hækki vegna kjarasamningsbundinna hækkana launa í lok árs 2015. Hækkunin milli árana 2015 og 2017 eru 3,3 milljarðar kr. þar af 1 milljarður króna á árinu 2016.

- **Bætt upplýsingagjöf og aukinn stuðningur við starfsstöðvar**
Lögð verði áhersla á bættu upplýsingagjöf, aukna ráðgjöf og stuðning við stjórnendur sem þess óska varðandi fjárhag og rekstur sinna starfsstöðva.

BÓKUN MEIRIHLUTA SKÓLA OG FRÍSTUNÐARÁÐS Í DESEMBER 2016

Bætt fjárhagsstaða borgarsjóðs skilar sér í auknum fjárveitingum til skóla- og frístundastarfs Reykjavíkurborgar á komandi ári og þar birtist skýr pólitísk forgangsröðun meirihlutans. Alls hækka fjárveitingar til sviðsins um tæplega 2 milljarða milli ára auk launahækkana. Þar má nefna aukið fjármagn til faglegs starfs, starfsþróunar, skólamáltíða, íslenskukennslu barna af erlendum uppruna, námsráðgjafar, skólahljómsveita og sérhæfðs klúbbastarfs félagsmiðstöðva. Leikskólar borgarinnar munu bjóða yngri börnum leikskólavist. Fjármagn eykst til umbótaþátta með áherslu á læsi, eflingu verk-, tækni- og listnáms, fjölmenningu sérstaklega móðurmálskennslu og túlkajónustu við börn af erlendum uppruna og lýðræði í skóla- og frístundastarfi þar sem hæst ber innleiðingu Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Með þessu er lagður grunnur að því að Reykjavík taki forystu í skóla- og frístundastarfi á landsvísu og byggji upp til framtíðar í góðu samstarfi við stjórnendur, kennara, starfsfólk, foreldra að ógleymdum börnum og ungmennum í skóla- og frístundastarfi borgarinnar.



Útgefið efni

- Stefna- og starfsáætlun 2016
- Lýðheilsa og heilsuefling barna og unglinga í leik- og grunnskólum og frístundastarfi – skýrsla starfshóps
- Samráð við foreldra um skólahlald í leik- og grunnskólum – skýrsla starfshóps
- Framtíðarskipulag skóla- og frístundastarfs á Kjalarnesi – skýrsla starfshóps
- Framtíðarskipulag skóla- og frístundastarfs í Staðahverfi í Grafarvogi – skýrsla starfshóps
- Samfelldur dagur barna 6-16 ára – skýrsla starfshóps
- Útilíf, afþreying og menning í Gufunesbæ – skýrsla starfshóps
- Aukinn sveigjanleiki milli grunnskóla og framhaldsskóla – skýrsla starfshóps
- The Nordic Biophilia Educational Project – skýrsla starfshóps
- Barnamenningarhátíð 2016 – skýrsla verkefnisstjóra
- Aukið lýðræði barna og ungmenna í skóla- og frístundastarfi – skýrsla starfshóps
- Stöðuskýrsla fjölmenningsarteymis vegna innleiðingar á stefnu um fjölmenningslegt skóla- og frístundastarfi; Heimurinn er hér
- Styrkveitingar skóla- og frístundasviðs greindar út frá aðferðum kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar – skýrsla starfshóps
- Stuðningur við börn og ungmenni með fjölþættan vanda – skýrsla starfshóps
- Endurskoðaðar reglur um kynningar, auglýsingar og gjafir í skóla- og frístundastarfi – skýrsla starfshóps
- Sumarþjónusta við börn í Klettaskóla – skýrsla starfshóps
- Talþjálfun barna í leik- og grunnskólum – skýrsla starfshóps
- Lesskimun barna í 2. bekk
- Talnalykill – stærðfræðiskimur í 3. bekk
- Hagir og líðan grunnskólanemenda – rannsókn meðal nemenda í 8., 9. og 10. bekk
- Matsskýrslur
 - Breiðagerðisskóli, ytra mat
 - Rimaskóli, ytra mat
 - Norðlingaskóli, ytra mat, nám og kennsla á unglingsstigi,
 - Hlíðaskóli, ytra mat
 - Frístundaheimilið Tófrasel, mat á frístundastarfi
 - Félagsmiðstöðin Hólmaseli, mat á frístundastarfi
 - Græna borg, mat á leikskólastarfi
 - Geislabaugur, mat á leikskólastarfi
 - Leikgarður, mat á leikskólastarfi
 - Ösp, mat á leikskólastarfi
 - Hulduheimar, mat á leikskólastarfi
 - Hagaborg, mat á leikskólastarfi
 - Sólborg, mat á leikskólastarfi
- Fréttabréf skóla- og frístundasviðs, vor og haust
- Símaskrá skóla- og frístundasviðs 2016-2017
- Ársskýrsla skóla- og frístundasviðs 2015





Ársskýrsla skóla- og frístundasviðs
Reykjavíkurborgar

www.skolarogfristund.is

2016